Yrkir um fólkið sitt og sveitina

ALLT ➤ 2

Þriggja hjóla Euro-strætó

Lífið ➤ 16

FASTEIGNASALAN
TORG
KRAFTUR TRAUST ÁRANGUR

FRÉTTABLAÐIÐ

16. TÖLUBLAÐ 22. ÁRGANGUR frettabladid.is ÞRIÐJUDAGUR 25. JANÚAR 2022

Svipurinn segir allt sem segja þarf um tilfinningar þessa gests á Ölveri eftir að Ísland tapaði naumlega á móti Króatíu á EM í handbolta í Ungverjalandi í gær. SJÁ SÍÐU 2 FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Covid-hækkanir rata út í matarverð

Verð á matvöru hækkar víða umfram vísitölu neysluverðs samkvæmt nýrri könnun. Rekja má hækkunina til heimsfaraldursins.

olafur@frettabladid.is

NEYTENDUR Verð á matvöru hækkar umfram vísitölu neysluverðs hjá þremur af fjórum íslenskum matvörukeðjum og -verslunum. Þetta kemur fram í niðurstöðum verðkönnunar sem Veritabus gerði í síðustu viku í verslunum Hagkaupa, Festar, Heimkaupa og Samkaupa. Verð á matvöru hjá þremur þeirra hækkaði umfram niðurstöður verðkönnunar ASÍ sem gerð var mánaðamótin september-október í fyrra.

Saman eru þessar verslanir með 53 prósent af veltu matvörumarkaðarins. Bónus var ekki tekinn með í könnuninni. Ástæða þess er sú að mikil fylgni er milli vöruverðs í Bónus og Krónunni. Í flestum vöruliðum er Krónan að jafnaði einni krónu dýrari en Bónus og munur á meðalverði á bilinu 1 til 1,5 prósent.

Veritabus kannaði einnig vörukörfu sem innihélt 45 vörur. Karfan endurspeglar helgarinnkaup fjögurra manna fjölskyldu og er meðalverð hennar nú um 24 þúsund.

Verðbreytingar á matvöru frá því um mánaðamótin september-október 2021 liggja á bilinu -2 til +18 prósent.

Á sama tíma hækkaði vísitala neysluverðs um 2,3 prósent en slá verður þann varnagla að engar janúarmælingar eru komnar inn í vísitöluna.

Innkaupakarfan hækkar mikið í Heimkaupum og Nettó samanborið við Hagkaup og Krónuna. Skýringin hvað Heimkaup varðar kann að vera að verslunin sé markvisst að færa sig yfir í dýrari enda markaðarins en allt fram á síðasta ár skipuðu Heimkaup sér í flokk ódýrari verslana.

Þegar verðbreytingar á vörukörfunni á Covid-tímabilinu eru skoðaðar virðist sem hækkun matarverðs vegna Covid sé fyrst núna að koma fram með afgerandi hætti. Vitað er að miklar erlendar hækkanir eru í pípunum vegna vandamála með aðfangakeðjuna og hækkana á verði hrávöru og orkuverði. ■

Verðbreytingar frá síðustu verðkönnun ASÍ í haust

	Breyting á körfu	Óvissa(+/-)
Hagkaup	1%	3%
Krónan	4%	5%
Heimkaup	12%	6%
Nettó	7%	5%

Óbólusettir verði ekki jaðarsettir

COVID-19 Andstaðan við sóttvarnaaðgerðir og bólusetningar hefur ekki minnkað þrátt fyrir að endalok faraldursins séu í augsýn. „Við erum mjög hratt að skera þá hópa sem ekki vilja láta bólusetja sig frá samfélaginu,“ segir Eiríkur Bergmann, prófessor í stjórnmálafræði við Háskólann á Bifröst.

Eiríkur varar við stöðunni ef bólusetningarvottorð festist í sessi að faraldrinum loknum. „Þá erum við komin með jaðarsettan hóp sem hefur ekki sama aðgang að samfélaginu og aðrir. Forsagan segir að slíkir hópar eflist í andstöðu við sitt samfélag.“ SJÁ SÍÐU 4

Settu saman þinn ID.4 GTX á www.hekla.is/gtx
Verð frá 7.150.000 kr.
ID.4 GTX
Fullvaxinn fjórhjóladrifinn rafmagnsbíll
HEKLA · Sími 590 5000 · Laugavegur 170
Komdu og prófaðu!

SÁÁ án formanns eftir hneykslismál

bth@frettabladid.is

HEILBRIGÐISMÁL „Framkvæmdastjórn SÁÁ hafði fyrst afspurn af málinu síðastliðinn föstudag og á fundi með Einari í dag fékkst staðfesting og tilkynnti hann þá uppsögn sína,“ segir Anna Hildur Guðmundsdóttir sem situr í framkvæmdastjórn SÁÁ.

Anna Hildur Guðmundsdóttir, í framkvæmdastjórn SÁÁ

Einar Hermannsson sagði í gær af sér sem formaður SÁÁ vegna vændismáls. Hann sendi yfirlýsingu um að hann hefði svarað auglýsingu um vændiskaup fyrir nokkrum árum.

Stundin greindi svo frá því að yfirlýsingin kæmi í kjölfarið á rannsóknarvinnu sem sýndi að hann hefði keypt vændi af konu sem sé nú skjólstæðingur samtakanna.

Þetta er annað áfall SÁÁ á skömmum tíma. Sjúkratryggingar Íslands sendu nýverið meint brot til héraðssaksóknara er varðar greiðslur fyrir þjónustu.

Boðað verður til fundar í aðalstjórn samtakanna. 48 manna hópur velur nýjan formann og verður reynt að hraða því enda samtökin án formanns sem stendur. ■

Ekki öll von úti

Ivan Pesic reyndist Strákunum okkar erfiður í naumum sigri Króata á Íslandi á EM í handbolta í gær. Ísland á enn góðan möguleika á að komast áfram í undanúrslitin á morgun en þurfa að treysta á að frændur okkar Danir vinni Frakka og vinna leikinn gegn Svartfjallalandi fyrr um daginn. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Séropnun á listasafni fyrir einhverfa

birnadrofn@frettabladid.is

MENNING Séropnun verður á Listasafni Reykjavíkur – Hafnarhúsi í dag á milli klukkan 17 og 18 fyrir einhverfa og fólk með skynúrvinnsluvanda. Halla Margrét Jóhannesdóttir, verkefnastjóri miðlunar hjá Listasafninu, segir markmiðið með séropnuninni að sem flestir geti notið safnanna og listarinnar.

„Fyrir einhverfa getur verið óvissa í því að fara inn á listasafn, ýmiss konar óvænt áreiti, svo sem ljós eða hljóð sem margir einhverfir reyna að forðast, svo við munum minnka þetta áreiti og það verður rólegri stemning,“ segir Halla.

Séropnunin í dag er hluti af verkefninu Tökum höndum saman, sem er samstarfsverkefni Listasafns Reykjavíkur og Borgarsögusafns. Verkefnið miðar að því að auka aðgengi fólks að söfnunum og bjóða alla gesti velkomna. „Við höfum verið með leiðsagnir á táknmáli, sjónlýsingu fyrir blinda og sjónskerta og á öðrum tungumálum en íslensku, það er svo mikilvægt að allir hópar upplifi sig velkomna á Listasafn Reykjavíkur,“ segir Halla.

Halla Margrét Jóhannesdóttir.

Þá segir hún mikinn áhuga á séropnuninni í dag. „Um leið og við settum þetta í loftið fundum við fyrir miklum áhuga. Það verður góð mæting en allt innan sóttvarna- og fjöldatakmarkana.“ ■

Covid-farþegaflutningarnir geta líka verið skemmtilegir

Covid-farþegaflutningar Grey Line Iceland hófust fyrir áramótin. Stjórnarformaður fyrirtækisins segir verkefnin eins misjöfn og þau séu mörg. Skemmtilegast sé að skutla fólki aftur í faðm fjölskyldunnar eftir langa fjarveru.

benediktboas@frettabladid.is

COVID-19 „Eitt af því sem slökkviliðið ráðlagði okkur var að hafa bílana mjög vel merkta. Því þegar við komum fyrir utan hús þar sem við erum að sækja smitaða einstaklinga þá þurfa þeir að finna bílinn fljótt,“ segir Þórir Garðarsson, stjórnarformaður Gray Line Iceland sem annast nú flutninga Covid-smitaðra á höfuðborgarsvæðinu sem ekki þurfa á flutningi að halda í sjúkrabíl.

Samningur við Sjúkratryggingar Íslands var undirritaður skömmu fyrir jól. Markmiðið var að létta álagi af Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins sem sá um flutningana.

Samningurinn tekur til flutnings einstaklinga sem eru smitaðir eða ef grunur leikur á smiti, að því tilskyldu að viðkomandi séu færir um að sitja uppréttir í bíl og þurfi ekki á aðstoð heilbrigðisstarfsmanns að halda meðan á flutningnum stendur.

Gray Line lét útbúa fimm bíla til að stytta biðtíma en samningurinn gerði ráð fyrir þremur bílum til að byrja með. Þórir segir ekki veita af. Bílarnir eru vel merktir og fara ekki fram hjá fólki í umferðinni sem Þórir segir að sé gert bæði til að auðkenna bílinn vel en einnig ef eitthvað kemur upp á.

„Ef við lendum í óhappi, bíllinn bilar eða eitthvað álíka, þá er mikilvægt að viðbragðsaðilar geri sér grein fyrir því að þarna sé Covid-smitaður einstaklingur sem skapar enga hættu ef aðilar vita af því og farið er eftir öllum leikreglum.“

Bílstjórarnir eru einangraðir í sér rými og sérstökum öryggisgalla. MYND/BBH

> Verkefnið er gott þó að það hætti nú vonandi sem fyrst þannig að bílstjórarnir geti farið að aka aftur með ferðamenn.

Þórir Garðarsson, stjórnarformaður Gray Line Iceland

Þórir ók sjálfur fyrstu tvo dagana og segir að bílarnir séu með skilrúm á milli og bílstjórinn sé í sérstökum hlífðargalla, með grímu og hanska.

„Fólk var auðvitað misveikt en ef maður sýnir nærgætni og umhyggju þá gengur þetta vel. Þetta voru skemmtilegir tveir dagar við stýrið,“ segir Þórir.

Þá bendir Þórir á að verkefnin séu eins misjöfn og þau eru mörg. Jafnvel þurfi að sækja fólk í sumarbústaði eða skutla fólki heim eftir veru á sóttvarnahóteli. Þá sé spennan mikil hjá farþegunum að sjá fólkið sitt að nýju.

Gray Line fær boðanir gegn um Neyðarlínuna sem er milliliðurinn.

„Þetta er heljarmikið kerfi og ákveðin áskorun en verkefnið er gott þó að það hætti nú vonandi sem fyrst þannig að bílstjórarnir geti farið að aka aftur með ferðamenn,“ segir Þórir.

„Við vonum að bílstjórarnir okkar fari að keyra okkar hefðbundnu ferðir með ferðamenn og þá breytum við bílunum aftur.“ ■

Íbúafundur borgarstjóra í Hlíðum

Borgarstjóri býður til opins íbúafundar miðvikudaginn 2. febrúar kl. 20:00 fyrir íbúa í Hlíðum.

Á fundinum kynnir borgarstjóri það sem er efst á baugi í hverfinu og mun eiga samtal við íbúa um framtíð hverfisins.

Íbúar geta sent fyrirspurnir á netfangið **ibuafundir@reykjavik.is** eða sett á upplýsingasíðu fundarins.

Fundinum verður streymt á **reykjavik.is/ibuafundir**

Dagskrá íbúafundar

Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri
Hlíðar

Stefán Pálsson
íbúi í Hlíðum
Sögulegt hverfi með hlýtt hjarta

Ævar Harðarsson
arkitekt og deildarstjóri hverfisskipulags
Samráð við gerð hverfisskipulags fyrir Hlíðar

Helga Bragadóttir
ráðgjafi
Helstu vinnutillögur í hverfisskipulagi fyrir Hlíðar

Spurningar og svör

Margrét M. Norðdahl
formaður íbúaráðs Miðborgar og Hlíða
Fundarstjóri

Reykjavíkurborg

Metur enga skriðuhættu hjá húsum á brekkubrún á Akureyri

bth@frettabladid.is

AKUREYRI Engin skriðuhætta er vegna fyrirhugaðra fjölbýlishúsa við Tónatröð á Akureyri.

Þetta kemur fram í skýrslu sem Oddur Sigurðsson, jarðtækniverkfræðingur hjá Geotek, hefur unnið fyrir verktakann, SS Byggi.

Oddur gerði vettvangsskoðun til að meta jarðveg, jarðtæknilegar aðstæður. Hann hefur skrifað bæjaryfirvöldum minnisblað þar sem hann leggur mat á byggingarhæfi lóða á grunni skýrslunnar og metur það gott.

Mjög hefur verið tekist á um þessa fyrirhuguðu framkvæmd, einkum meðal þeirra sem búa nálægt og hafa stofnað Facebook-hópinn Björgum Spítalabrekkunni. Íbúarnir hafa gagnrýnt verklag við skipulagsundirbúning og sumir varað við veðrabreytingum í framtíðinni,

Teikning af áformuðum byggingum við Tónatröð. MYND/YRKI

ekki síst aukinni rigningu sem gæti skapað skriðuhættu, en húsin munu standa á brekkubrún ef þau rísa.

Í skýrslunni segir: Það er mat undirritaðs að byggingarhæfi lóða sé með ágætum, grundunaraðstæður einfaldar þar sem grafa þarf ofan í þéttan jökulruðning og fylla með burðarhæfu og frostöruggu malarlagi eða að grundað er beint á klöpp.“

Þá segir: „Hætta á skriðuföllum er engin og með tilkomu fyrirhugaðra mannvirkja verður vatnssöfnun neðan við svæðið enn minni en fyrr vegna tilkomu fráveitukerfa fyrirhugaðra bygginga.“

Þórhallur Jónsson, formaður skipulagsráðs Akureyrarbæjar, segist ánægður með hve afdráttarlaus skýrslan er.

Sérfræðingar Veðurstofunnar munu nú leggja sitt mat á jarðvegsniðurstöður Geotek. ■

Hrap í ferðaþjónustu hefur leikið Ísland grátt. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Afkoma ríkisins fer batnandi

kristinnhaukur@frettabladid.is

EFNAHAGSMÁL Fjármálahalli ríkisins var í fyrsta sinn undir 5 prósentum af landsframleiðslu í faraldrinum á þriðja ársfjórðungi ársins 2021. Hallinn var 4 prósent miðað við rúmlega 11 prósenta halla á öðrum ársfjórðungi. Engu að síður er hallinn á Íslandi meiri en meðaltal álfunnar, 3,3 prósent.

Reksturinn var nánast á núlli en strax á fyrsta ársfjórðungi 2020, er faraldurinn skall á, hrapaði hann niður í nær 7 prósenta halla. Á þeim næsta var hallinn yfir 12 prósent, sem er það mesta á öldinni, ef frá eru talin nokkur skipti eftir 2008.

Allan faraldurinn hefur hallinn á Íslandi verið meiri en meðaltal Evrópu og á tímabili sá mesti í álfunni. Hallinn er nú mestur í Belgíu, nær 10 prósent. Níu ríki á EES-svæðinu hafa jákvæða afkomu en 2020 voru þau öll í mínus. Best hefur afkoman verið í Noregi, rúmlega 6 prósent á þriðja ársfjórðungi og í plús allt árið. ■

ÁRÉTTING

Í Fréttablaðinu á laugardag birtist mynd af Oddi Helga Halldórssyni, fyrrverandi bæjarfulltrúa á Akureyri, með frétt um breytingar á gjaldtöku í miðbænum. Áréttað skal að aðkoma Odds Helga að ákvörðun bæjarins um breytingarnar er engin.

Leiðtogar magni upp andstöðu við óbólusetta en hlúi ekki að hópnum

Þó að hilli undir lok faraldursins gætu bólusetningarvottorð og gjá milli bólusettra og óbólusettra verið komin til að vera. Prófessor í stjórnmálafræði segir fordæmin óheillavænleg.

kristinnhaukur@frettabladid.is

SAMFÉLAG Andstaðan við sóttvarnaaðgerðir og bólusetningar hefur ekki minnkað þrátt fyrir að endalok faraldursins séu í augsýn. Á sunnudag mótmæltu þúsundir í Washington og í Brussel sló í brýnu milli mótmælenda og lögreglu. Hér á Íslandi var bólusetningum barna mótmælt á Austurvelli.

„Við erum mjög hratt að skera þá hópa sem ekki vilja láta bólusetja sig frá samfélaginu,“ segir Eiríkur Bergmann, prófessor í stjórnmálafræði við Háskólann á Bifröst. Þetta birtist til dæmis hjá austurrískum og frönskum stjórnvöldum. Emmanuel Macron Frakklandsforseti hafi farið fram með fordæmalausri hörku í garð minnihlutahóps.

Eiríkur bendir á að þeir sem mótmæli séu ekki einsleitur hópur. Stór hluti sé á móti sóttvarnaaðgerðum vegna frelsisskerðingarinnar, sumir vegna mismununar bólusettra og óbólusettra og sumir telji bólusetningar vera skaðlegar og eru hallir undir samsæriskenningar. Hvað verði um þessa hópa eftir faraldurinn sé ekki augljóst.

„Popúlistar hafa alltaf nýtt sér samsæriskenningar og jafnvel staðið að dreifingu þeirra. Það er óljóst hvernig þeir muni nýta sér endalok þessa faraldurs sér til framdráttar,“ segir Eiríkur. Popúlistaflokkar hafi víða átt nokkuð erfitt uppdráttar í faraldrinum en fleiri færi geti nú aftur verið að opnast fyrir þá.

Hópur hefur mótmælt bólusetningum í nokkur skipti á árinu. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Eitt dæmi, sem gæti reynst stórt, er brottvísun serbneska tenniskappans Novak Djokovic frá Ástralíu vegna bólusetningarstöðu hans. Í augum sumra varð hann að píslarvætti vegna þessa og Eiríkur bendir á að óbólusettir hafi fengið leiðtoga til að líta til þess.

Þá er umræðan um bólusetningarvottorð alltaf að verða háværari. Meðal annars hafa framkvæmdastjórar Samtaka verslunar og þjónustu og Samtaka ferðaþjónustunnar hér á Íslandi sagt sig fylgjandi slíku fyrirkomulagi.

Eiríkur segir eina mögulega sviðsmynd þá að bólusetningarstaða muni ekki skipta máli þegar faraldrinum linni. Vottorðin hverfi og gjáin milli bólusettra og óbólusettra sömuleiðis. En þetta sé bjartsýn spá og að önnur framvinda sé einnig möguleg.

„Manni sýnist að bólusetningarvottorð gætu allt eins verið fest í sessi, jafnvel þó að faraldrinum linni,“ segir Eiríkur. „Þá erum við komin með jaðarsettan hóp sem hefur ekki sama aðgang að samfélaginu og aðrir. Forsagan segir að slíkir hópar eflist í andstöðu við sitt samfélag.“

> Forsagan segir að slíkir hópar eflist í andstöðu við sitt samfélag.

Eiríkur Bergmann, prófessor við Háskólann á Bifröst

Þessi andstaða geti brotist út með hvaða hætti sem er, í ýktustu dæmum sem ofbeldi. Til séu að verða stórir hópar sem treysta ekki stjórnvöldum og stjórnvöld ýti frekar út á jaðarinn sem magnar vantraustið.

„Þetta er varasamur vítahringur sem fjölmörg fordæmi sýna að geta leitt samfélög í ógöngur. Sumir leiðtogar virðast frekar ætla að magna upp vandann en að leysa hann,“ segir Eiríkur. Farsælli leið væri að líta á óbólusetta sem hóp sem þurfi að hlúa að og reyna með skilningi og hlýju að sýna fram á að fari villur síns vegar í stað þess að jaðarsetja. ■

EIGUM BÍLA TIL AFGREIÐSLU STRAX. KOMDU OG REYNSLUAKTU!
ALVÖRU JEPPI – ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIF
5 ÁRA ÁBYRGÐ 8 8 ÁRA ÁBYRGÐ Á DRIFRAFHLÖÐU PLUG-IN HYBRID

JEEP COMPASS LIMITED TROÐFULLUR AF AUKABÚNAÐI 7.479.000 KR.

JEEP RENEGADE TRAILHAWK TROÐFULLUR AF AUKABÚNAÐI 6.499.000 KR.

Jeep rafknúnu jepparnir henta íslenskum aðstæðum um allt land

ISBAND
UMBOÐSAÐILI JEEP® Á ÍSLANDI • ÍSLENSK-BANDARÍSKA • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR
S. 590 2300 • WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-17 • LAUGARDAGA 12-16
Jeep 4xe

2016
2021
Framúrskarandi fyrirtæki
PARKET - FLÍSAR - HURÐIR
VETRAR
ÚTSALA
VERÐDÆMI
KRONOTEX HARÐPARKET
8 mm AC4 VERÐ FRÁ 1.590 KR. m²
10 mm AC5 VERÐ FRÁ 2.990 KR. m²
12 mm AC5 VERÐ FRÁ 3.890 KR. m²
VIÐARPARKET
KÄHRS 3JA STAFA VERÐ FRÁ 5.990 KR. m²
BJELIN PLANKAPARKET VERÐ FRÁ 5.990 KR. m²
VÍNYLPARKET
VERÐ FRÁ 4.290 KR. m²
VEGG- & GÓLFFLÍSAR
30x60 cm hvítar veggflísar VERÐ FRÁ 2.990 KR. m²
60x60 cm vegg- og gólfflísar VERÐ FRÁ 4.290 KR. m²
RINGO INNIHURÐIR
HVÍT HURÐ VERÐ FRÁ 39.990 KR.
20% afsláttur af öllum fylgihlutum fyrir hurðir
40% AFSLÁTTUR AF FYLGIHLUTUM
FYRIR PARKET OG FLÍSAR
Birgisson®
Ármúli 8 I 108 Reykjavík I Sími 516 0600 I www.birgisson.is

Mikilvægt að fylgjast vel með raforkuverði

arib@frettabladid.is

NEYTENDUR „Þetta getur skipt heimili mun meira máli en áður, nú þegar þau eru mörg hver búin að fjárfesta í rafmagnsbílum og orkunotkunin er farin að aukast talsvert mikið," segir Hanna Björg Konráðsdóttir, lögfræðingur Orkustofnunar.

„Við hvetjum neytendur til að gera verðsamanburð og að vera vakandi yfir þróun rafmagnsverðs til heimila. Það er mun meiri samkeppni nú á smásölumarkaði með raforku og þar með talið raforkusölu til heimila en var fyrir nokkrum árum síðan."

Hanna Björg Konráðsdóttir, lögfræðingur hjá Orkustofnun

Heimili hafa getað valið sér sölufyrirtæki frá árinu 2006 en það var ekki fyrr en 2019 sem samkeppni varð virk. „Það barst kvörtun um að dreifiveiturnar settu neytendur sjálfkrafa í viðskipti við fyrirtæki þeim tengd," segir Hanna Björg.

Hún segir meginmarkmiðið með því að hafa sölufyrirtæki til þrautavaraviðskipta vera að tryggja að neytendur fái raforku þrátt fyrir að hafa ekki valið sér raforkusala. Orkustofnun rannsakar nú verðlagningu N1 Rafmagns, áður Íslenskrar orkumiðlunar, á raforku til viðskiptavina sem völdu ekki að vera í viðskiptum við fyrirtækið. N1 Rafmagn hefur viðurkennt að hafa verið með tvö verð og verður mismunurinn endurgreiddur aftur til 1. nóvember. Hanna Björg segir marga þætti til skoðunar.

„Við þurfum að leggjast yfir það hvort það séu aðrar leiðir færar til að ná þeim markmiðum sem þessu fyrirkomulagi var ætlað að koma á, það er að neytendur standi ekki skyndilega uppi orkulausir og tryggt verði með betri hætti að þeir velji sér raforkusala," segir Hanna Björg. ■

Verðsamanburður á raforkusölu til heimila Heimild: Aurbjörg

Raforkusali	Verð (kWst)	Meðalkostnaður (5.000 kWst á ári)
Straumlind	6,44 kr.	2.683 kr.
N1 Rafmagn	6,44 kr.	2.683 kr.
Orka heimilanna	7,30 kr.	3.125 kr.
Orkubú Vestfjarða	7,50 kr.	3.155 kr.
Orkusalan	8,08 kr.	3.367 kr.
Fallorka	8,44 kr.	3.517 kr.
HS Orka	8,59 kr.	3.579 kr.
Orka náttúrunnar	8,82 kr.	3.675 kr.

Benedikt sagði af sér árið 2013. Hann er nú 94 ára. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Viðurkennir að hafa setið fund

arib@frettabladid.is

VATÍKANIÐ Benedikt XVI, fyrrverandi páfi kaþólsku kirkjunnar, viðurkennir að hafa verið viðstaddur fund þar sem kynferðisafbrot prests var til umræðu.

Benedikt hefur verið sakaður um að hafa vitað af kynferðisbrotum presta gegn börnum á meðan hann var erkibiskup í München, en ekkert aðhafst til að uppræta þau.

Fram til þessa hefur hann ætíð neitað því að hafa vitað af slíkum brotum. Benedikt segir í yfirlýsingu að fyrri yfirlýsingar hafi ekki verið gerðar af illum vilja. Hann hyggst gefa fleiri yfirlýsingar á næstunni eftir að hann er búinn að lesa allar 1.900 blaðsíður skýrslunnar. ■

Varar Rússa við að gera innrás

arib@frettabladid.is

BRETLAND Boris Johnson, forsætisráðherra Bretlands, varar Rússa við því að ráðast inn í Úkraínu. Slíkt myndi einungis hafa í för með sér blóðsúthellingar. Utanríkisráðuneyti Bretlands hefur sent hluta starfsfólks síns frá Úkraínu.

Johnson sagði að verið væri að útbúa pakka af hörðum viðskiptaþvingunum ef Rússar láta til skarar skríða. Rússar hafna því að ætla að ráðast inn í landið. ■

Mikill áfangasigur fyrir Assange

Julian Assange hefur fengið leyfi til að áfrýja máli sínu um framsalskröfu Bandaríkjamanna til breskra dómstóla. Kristinn Hrafnsson, ritstjóri WikiLeaks, lýsir því sem áfangasigri og segir Assange bera með sér ótrúlega seiglu.

tsh@frettabladid.is

Kristinn Hrafnsson og Stella Morris, unnusta Julians Assange, ásamt stuðningsmönnum fyrir utan hæstarétt Bretlands í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

DÓMSMÁL Julian Assange, stofnandi WikiLeaks, fékk í gær leyfi til að áfrýja til hæstaréttar Bretlands ákvörðun dómstóla um að heimilt sé að framselja hann til Bandaríkjanna.

Undirréttur neitaði hins vegar að veita Assange heimild til að áfrýja beint þannig að hann þarf nú að bíða þess að hæstiréttur veiti honum áfrýjunarheimild.

Kristinn Hrafnsson, ritstjóri WikiLeaks og einn nánasti samstarfsmaður Assange, segir að liðið gætu nokkrir mánuðir áður en málið kemst á borð hæstaréttar. „Niðurstaðan í dag var mikill áfangasigur en þetta er áframhaldandi slagur – næsta stopp er hæstiréttur Bretlands," segir hann.

„Kerfið er dálítið undarlegt hérna þannig að áfrýjunarrétturinn þurfti að gefa heimild fyrir sitt leyti til að það mætti fara fram á áfrýjun á þessu eina atriði sem út af stóð og þeir féllust á að það væri spurning sem ætti mögulega erindi til hæstaréttar. Hæstiréttur þarf síðan sjálfur að veita slíka heimild og lögmenn Julians hafa núna fjórtán daga til að undirbúa beiðni til hæstaréttar, en þetta er mjög mikilvægur áfangasigur, má segja, í þessum lagaslag."

Atriðið sem um ræðir snýr að ákveðnum tryggingum sem Bandaríkjamenn reiddu fram eftir að þeir töpuðu máli um framsalskröfu í undirrétti í janúar 2021.

„Tryggingar um það að Julian fengi læknisaðstoð, hann yrði ekki settur undir einangrunarskilmála sem kallast „special administrative measures", hann myndi ekki fara í Supermax-fangelsi í Florence, Colorado, og fleira í þeim dúr," segir Kristinn.

> Niðurstaðan í dag var mikill áfangasigur en þetta er áframhaldandi slagur – næsta stopp er hæstiréttur Bretlands.
>
> Kristinn Hrafnsson, ritstjóri WikiLeaks

Hann bætir því við að umræddar tryggingar hafi verið skoðaðar ítarlega af samtökum á borð við Amnesty International, sem hafi komist að því að þær haldi ekki vatni. Tryggingarnar voru þó samþykktar af áfrýjunardómstól í desember 2021 sem úrskurðaði að hægt væri að framselja Assange til Bandaríkjanna ef svo bæri undir.

Að sögn Kristins er afar óvenjulegt að dómstólar samþykki nýjar forsendur á borð við tryggingarnar í máli í áfrýjunarferli, en um þetta atriði verður tekist á í hæstarétti.

„Það er ákaflega þröngur stakkur skorinn, yfirleitt í áfrýjunarrétti, gagnvart nýjum upplýsingum sem hægt er að bera á borð. Það er bara ekki hlutverk áfrýjunarréttar að þar fari fram málflutningur um einhver ný atriði. En þarna fengu Ameríkanarnir leyfi til þess að fleygja þessu inn og ekki nóg með það, að miklu leyti byggði áfrýjunarrétturinn umsnúning sinn á niðurstöðu héraðsdóms á þessum nýju atriðum. Þess vegna er ákaflega mikilvægt að fá þetta lagatæknilega atriði inn í hæstaréttinn, hvort þetta sé gjörningur sem standist skoðun."

Kristinn segir merg málsins vera þann að á meðan það dregst á langinn í breska dómskerfinu þá „situr saklaus maður í mesta öryggisfangelsi Bretlands innilokaður", en Julian Assange hefur nú setið í Belmarsh-öryggisfangelsinu í útjaðri Lundúna í rúma 1.000 daga.

Unnusta Julians Assange, Stella Morris, greindi frá því desember að hann hefði fengið heilablæðingu í fangelsisvistinni vegna mikils álags af málaferlunum. Spurður um hvað líkamlegri og andlegri heilsu Assange líði segir Kristinn:

„Það er náttúrlega ótrúleg seigla í honum og hann tórir en þetta er náttúrlega farið að taka býsna mikinn toll eins og menn geta ímyndað sér. Hann er búinn að vera núna í gæsluvarðhaldi í yfir 1.000 daga og það er náttúrlega sem slíkt réttarfarsbrot og auðvitað tekur það sinn toll að menn séu hafðir innandyra innilokaðir í þennan tíma ... Þetta er náttúrlega alveg svakaleg pynding sem á sér stað þarna." ■

Mikil samlegðaráhrif ef PCC festir kaup á kísilverksmiðjunni í Helguvík

bth@frettabladid.is

VIÐSKIPTI „Þetta mál er á frumstigi en af minni hálfu gefur það augaleið að ef forsendur eru fyrir því að þetta fari lengra þá hljóta að vera mikil samlegðaráhrif, sérstaklega hvað varðar markaðsmál, innkaup og stjórnun," segir Rúnar Sigurpálsson, forstjóri PCC kísilverksmiðjunnar á Bakka á Húsavík.

Arion banki og PCC SE, meirihlutaeigandi kísilversins PCC BakkiSilicon hf. á Húsavík, hafa undirritað viljayfirlýsingu um kaup á kísilverksmiðjunni í Helguvík. Lífeyrissjóðir eiga í verksmiðjunni.

PCC á Bakka á Húsavík.

Andstaða er meðal íbúa á Reykjanesi við að verksmiðjan verði endurræst, en mikil loftmengun fylgdi starfseminni áður en henni var lokað að kröfu Umhverfisstofnunar.

Rúnar segir ótímabært að tjá sig frekar um málið á þessu stigi. ■



Vantar þig aðstoð við uppgjörið?

Við þjónustum rekstraraðila með bókhald, laun, ársreikninga og framtalsskil.

Láttu okkur sjá um bókhald þitt á einfaldan og öruggan hátt
meðan þú sinnir rekstrinum og hefur góða yfirsýn yfir stöðuna.

PwC | Sími 550 5300 | www.pwc.is

Reykjavík | Akureyri | Húsavík | Hvolsvöllur | Vestmannaeyjar | Selfoss | Reykjanesbær

pwc

Þau sem synda

Björk Eiðsdóttir
bjork
@frettabladid.is

Á dögunum samþykkti skóla- og frístundaráð Reykjavíkurborgar að frá og með næsta hausti verði nemendum áttunda bekkjar boðið að ljúka hæfniviðmiðum skólasunds við upphaf níunda bekkjar. Velji nemendur það og standist hæfniviðmiðin geta þeir þá notað tímann sem annars færi í skólasund í annars konar val í síðustu tveimur bekkjum grunnskóla.

Ólíkt því sem gengur og gerist víða er þjóðin meira og minna vel synd og það má þakka skólasundinu sem við öll höfum farið í gegnum. Sund er stór hluti menningar okkar enda hvergi í heiminum eins mikið um almenningssundlaugar þar sem fólk nýtur útivistar, hreyfingar og samveru á heilbrigðan hátt.

En það eru ekki allir sem velja að nýta sér þessar laugar til að auka vellíðan sína enda tengja margir sundlaugaheimsóknir við allt aðrar tilfinningar. Ástæðurnar geta verið af ýmsum toga en flest á þetta fólk það þó sameiginlegt að hafa verið gert að mæta í sitt skólasund frá upphafi til loka grunnskólagöngu. Öryggis- og lýðheilsumarkmið vega þar augljóslega þyngst og er engin ástæða til að efast um þau. En hvað tekur það að meðaltali langan tíma að kenna barni að synda? Áratug? Varla.

Þó börnum virðist eðlislægt að líða vel í vatni er það líklega jafn eðlislægt að upplifa feimni við að bera sig frammi fyrir öðrum á unglingsárunum á tímum stórra líkamlegra breytinga. Að bjóða flugsyndum unglingum upp á val um það hvort þeir taki fáklæddir þátt í skólasundi eður ei er ég handviss um að geti haft mikið að segja um andlega líðan þessara sömu barna.

Ekki aðeins er þessi breyting til góðs á tímum sífelldrar aukningar á kvíðagreiningum barna og unglinga heldur er hún merki um enn stærri viðhorfsbreytingu: Því þessi tillaga kemur frá börnunum sjálfum – og á þau var hlustað!

Þegar ég ritaði þessi orð rann upp fyrir mér að hvað skýrustu æskuminningar mínar eru úr íþróttahúsinu Ásgarði í Garðabæ frá níunda áratug síðustu aldar. Ástæða skýrleikans er ekki sú að ég hafi verið slík íþróttakempa að þar hafi ég varið flestum stundum, heldur vegna þess að þar leið mér alltaf illa. Það hefði þó aldrei hvarflað að mér að sjálf gæti ég haft áhrif á örlög mín sem grunnskólanemandi – að einhver fullorðinn myndi hlusta.

Tillaga Elísabetar Láru Gunnarsdóttur, fulltrúa ungmennaráðs Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða, náði aftur á móti alla leið.

Fyrir það munu margir þakka henni – og þeim sem á hana hlýddu! ■

> Ástæða skýrleikans er ekki sú að ég hafi verið slík íþróttakempa að þar hafi ég varið flestum stundum, heldur vegna þess að þar leið mér alltaf illa.

Halldór

Frá degi til dags

ser@frettabladid.is

Nýir kettir
Frægt var þegar Jóhanna Sigurðardóttir, þáverandi forsætisráðherra í vinstristjórninni 2009 til 2013, líkti því við að smala köttum er hún reyndi, ítrekað, að fá þingmenn og ráðherra Vinstri grænna til fylgilags við Icesave-samninginn súluga. Og varð þar með til eitt lífseigasta pólitíska orðatiltæki síðari tíma og hefur þótt fara vel í munni yfir óþekktarormana innan þings. En nú ber nýrra við þegar komið er fram á þriðja áratug aldarinnar, því jafnt þingmenn og ráðherrar Vinstri grænna eru einna líkastir björnum í vetrarhíði á meðan þingmenn og ráðherrar Sjálfstæðisflokksins láta öllum illum látum.

Seinni smölun
Það kemur nú í hlut Katrínar Jakobsdóttur að smala köttum, en ófriðurinn í þingflokksherbergi íhaldsins varir mánuðum saman, eilíflega með efasemdum eða þaðan af sterkari yfirlýsingum um sóttvarnaaðgerðir sem vaskir hægrimenn segja vera sovéska tilburði og algera ráðstjórn þegar betur fari á því að huga að frelsi einstaklingsins. Þessi seinni smölun íslenskrar pólitíkur er ekkert minna en áhugaverð áminning um að ábúðarfullir íhaldsmenn geta breyst í óstýriláta ketti, ef svo hentar til heimabrúks, rétt eins og vinstrimenn gerðu áður, einmitt til héraðsbrúks. ■

Er fjölgun ráðuneyta góð hugmynd?

Þórunn Sveinbjarnardóttir
formaður stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis

> Gætum að því að fjölgun ráðuneyta getur veikt Stjórnarráðið, sérstaklega gagnvart sérhagsmunaöflunum.

Árið 2011 gengu í gildi ný lög um Stjórnarráð Íslands sem höfðu það að markmiði að styrkja Stjórnarráðið meðal annars með því að fækka ráðuneytum og stækka þau. Færð voru gild rök fyrir þeirri ráðstöfun í skýrslunni Samhent stjórnsýsla sem Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra lét vinna. Þar má lesa vel rökstuddar tillögur um uppbyggingu og styrkingu Stjórnarráðsins.

Skipan ráðuneyta er á ábyrgð framkvæmdavaldsins og forsætisráðherra hefur verkstjórnar- og samræmingarvald í Stjórnarráðinu. Á því leikur enginn vafi. En ekki heldur á því að fjölgun ráðuneyta úr tíu í tólf var forsenda þess að formenn ríkisstjórnarflokkanna þriggja náðu saman um áframhaldandi samstarf eftir alþingiskosningarnar í haust.

Til grundvallar fjölgun ráðuneyta liggur að þessu sinni hvorki formleg þarfagreining né önnur gögn fyrir alþingismenn að styðjast við í umfjöllun um málið. Fyrir liggur að tillögur um breytta skipan Stjórnarráðsins hafa verið til umfjöllunar í litlum hópi ráðherra (formanna stjórnarflokkanna) og æðstu embættismanna. Forsætisráðherra hefur lýst því svo að með breytingunni sé verið að draga lærdóm af verkaskiptingu síðastliðins kjörtímabils og reynslu liðinna ára. Það er ekki dregið í efa en jafn ljóst má vera að fjölgun ráðuneyta þjónar einnig skýrum pólitískum hagsmunum flokkanna þriggja sem mynda ríkisstjórnina.

Í ráðuneytum Stjórnarráðsins og undirstofnunum þeirra býr ekki einungis sérþekking á hverju einasta stjórnarmálefni heldur einnig stofnanaminni sem nauðsynlegt er til að viðhalda góðri stjórnsýslu, tryggja jafnræði borgaranna og þjónustu við þá. Sterk og fagleg stjórnsýsla viðheldur því með sínum hætti kerfislegum og lýðræðislegum stöðugleika þótt pólitísk forysta ráðherranna sé óumdeild og sú staðreynd að þeir fara með dagskrárvaldið í sínu ráðuneyti.

Gætum að því að fjölgun ráðuneyta getur veikt Stjórnarráðið, sérstaklega gagnvart sérhagsmunaöflunum en það þarf að hafa bolmagn til að gæta almannahagsmuna í sérhverju máli sem þar er til afgreiðslu. ■

Hvernig er draumasófinn þinn?
Handgerðir íslenskir sófar
• Margar útfærslur í boði
• Mikið úrval áklæða
• Engin stærðartakmörk
• Sérsmíði eftir þínum óskum
Sjá nánar á patti.is

Kíktu í heimsókn!
Opið virka daga kl. 10-18 Laugardaga 11-15
Bildshöfða 18 - 110 Reykjavík - sími: 557 9510 - patti.is
Patti HÚSGÖGN

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Björn Víglundsson **RITSTJÓRI:** Sigmundur Ernir Rúnarsson *ser@frettabladid.is*,
FRÉTTASTJÓRAR: Aðalheiður Ámundadóttir *adalheidur@frettabladid.is* Ari Brynjólfsson *arib@frettabladid.is*, Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is* **VEFSTJÓRI:** Einar Þór Sigurðsson *einarthor@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* **MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Hörður Snævar Jónsson *hoddi@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

Hækkandi lífaldur og þróun lífeyriskerfisins

Ásta Ásgeirsdóttir
hagfræðingur hjá Landssamtökum lífeyrissjóða

Fjármála- og efnahagsráðuneytið staðfesti fyrir jólin tillögur Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga að lífslíkutöflum án þess að það vekti sérstaka athygli fjölmiðla og almennings. Samt boða tíðindin þá meginbreytingu að í stað þess að líta eingöngu til reynslu undangenginna ára við mat á meðalævilengd Íslendinga verði líka metnar horfur á áframhaldandi auknum lífslíkum þjóðarinnar.

Þannig verður í fyrsta sinn farið að reikna lífeyrisréttindi fólks út frá því að meðalævin lengist næstu ár og áratugi. Sú breyting hefur mikil áhrif á útreikninga lífeyrissjóða á skuldbindingum sínum en einnig á mat kostnaðar ríkisins vegna almannatrygginga og lífeyrisskuldbindinga.

Auknar lífslíkur

Hvernig gæti breytingin birst okkur?

– Jón er 67 ára og er að hefja töku lífeyris. Lífeyrisréttindi hans hjá lífeyrissjóði miðast við að hann lifi í 18 ár til viðbótar og að mánaðarlegar lífeyrisgreiðslur dreifist í samræmi við það.

– Væri Jón hins vegar verið 20 árum eldri og hefði hafið lífeyristöku árið 2000 hefði verið miðað við að hann hann myndi lifa í 16 ár en ekki 18 ár til viðbótar.

– Meðalævi 67 ára karla hefur þannig lengst um tvö ár á tveimur áratugum og lífeyrisgreiðslurnar dreifast á lengri tíma æviskeiðsins sem því nemur.

Segir dæmið okkur eitthvað um yngra fólk? Já. Yfirgnæfandi líkur eru á því að Gunnar, 35 ára, muni lifa lengur en 18 ár eftir að hann nær 67 ára aldri. Þjóðin eldist og það birtist á þann hátt að yngra fólk verður að óbreyttu lengur á lífeyri en þeir sem eru að komast á lífeyristökualdur nú. Með boðaðri breytingu á útreikningum á lífslíkum verður með öðrum orðum tekið tillit til þess að meðalævi Íslendinga haldi áfram að lengjast.

Þróun lífeyriskerfisins er langtímaverkefni

Ég lýsi yfir mikilli ánægju með að það skref hafi verið stigið að ætla lífeyrissjóðum að reikna réttindi sjóðfélaga út frá bæði reynslu fyrri ára og framtíðarspá um ævilíkur. Þar með verður hægt að veita yngri sjóðfélögum gleggri upplýsingar um væntanleg réttindi við upphaf lífeyristöku og áætla framtíðarskuldbindingar lífeyrissjóða á nákvæmari hátt en nú gerist.

Að þessu sögðu er framtíðarverkefni tengt hækkandi lífaldri þjóðarinnar áfram að tryggja sjálfbærni lífeyriskerfisins til lengri tíma, bæði almannatrygginga hins opinbera og sparnaðar í lífeyrissjóðum.

Uppfærslur á spálíkani

Tryggja þarf formfestu við uppfærslu á spálíkani um lífslíkur. Nú er það svo að FÍT, Félag íslenskra tryggingastærðfræðinga, uppfærir reglulega mat á lífslíkum sem ráðuneyti staðfestir og lífeyrissjóðir nota síðan við sína útreikninga. Hugsa mætti sér framtíðarfyrirkomulag þar sem Hagstofa Íslands, í samstarfi við FÍT, mæti framtíðarlífslíkur út frá mannfjöldaspá og skilaði reglulega af sér, til dæmis á tveggja til fjögurra ára fresti. Í núverandi mannfjöldaspá Hagstofu Íslands er líkan fyrir lífslíkur sem rímar mjög vel við hliðstætt spálíkan FÍT. Því væri vert að skoða fyrirkomulag þar sem Hagstofunni, í samstarfi við FÍT, yrði falið það verkefni að uppfæra reglulega og birta spálíkan um lífslíkur. Væri slíkri nálgun ætlað að byggja á bestu fyrirliggjandi sérfræðiþekkingu hvers tíma og tryggja að uppfærslur á lífslíkum væru óháðar pólitískum ákvörðunum.

Eldra fólk og vinnumarkaðurinn

Með hækkandi lífaldri og lækkandi fæðingartíðni fjölgar þeim hlutfallslega stöðugt sem eru 67 ára og eldri. Núverandi lífeyrisaldur almannatrygginga er 67 ár með möguleika á snemmtöku lífeyris frá 65 ára aldri. Verkefni næstu ára fyrir stjórnvöld og aðila vinnumarkaðarins er að tryggja jafnvægi milli fjölda á eftirlaunum og þeirra sem eru á vinnumarkaði. Það er hægt að gera bæði með því að skapa umhverfi og aukinn sveigjanleika sem gerir fólki sem komið er á lífeyrisaldur kleift að vera áfram á vinnumarkaði ef það óskar þess og einnig með því að tengja lífeyrisaldur almannatryggginga við þróun lífaldurs.

Þær þjóðir sem við berum okkur gjarnan saman við, svo sem Hollendingar og Danir, fóru þá leið að hækka lífeyrisaldur í skrefum í samræmi við spár um lífslíkur til að tryggja sjálfbærni eftirlaunakerfa til framtíðar. Lífeyriskerfið okkar býr að því að almennur eftirlaunaaldur á Íslandi hefur lengi verið hærri en í grannríkjum. Almennur eftirlaunaaldur hér er 67 ára en í Hollandi og Danmörku var eftirlaunaaldur 65 ár áður en stigin voru skref til breytinga.

Íslenska lífeyriskerfið er sveigjanlegt að því leyti að mögulegt er fyrir fólk að hefja lífeyristöku bæði fyrir og eftir 67 ára aldur. Heppilegt væri að viðhalda því fyrirkomulagi. Framtíð kerfisins í heild byggist samt á því að fleiri vinni lengur en nú gerist. ■

reitir.is

Tilnefningarnefnd Reita fasteignafélags hf. auglýsir eftir tilnefningum eða framboðum til stjórnar félagsins

Tilnefningarnefnd Reita auglýsir eftir tilnefningum eða framboðum til stjórnar félagsins vegna aðalfundar sem haldinn verður 11. mars 2022.

Í því skyni að fá umfjöllun tilnefningarnefndar um tilnefningar eða framboð til stjórnar er áhugasömum bent á að fylla út form sem finna má á vefsíðu félagsins, www.reitir.is, og senda nefndinni eigi síðar en **3. febrúar 2022** á netfangið **tilnefningarnefnd@reitir.is**.

Farið verður með allar persónuupplýsingar, sem tilnefningarnefnd berast, sem trúnaðarmál og í samræmi við reglur um persónuvernd.
Tillaga nefndarinnar um val á stjórnarmönnum verður birt samhliða boðun aðalfundar eða í síðasta lagi þremur vikum fyrir aðalfund.
Önnur framboð verða birt sex sólarhringum fyrir aðalfund. Einstaklingur sem nefndin gerir ekki tillögu um sem stjórnarmann í félaginu getur ávallt gefið kost á sér til stjórnarsetu með því að skila inn formi framboðs til stjórnar innan hins almenna framboðsfrests samkvæmt samþykktum Reita, þ.e. sjö sólarhringum fyrir aðalfund. Form vegna umfjöllunar í tilnefningarnefnd eða framboðs til stjórnar má finna á vefsíðu félagsins www.reitir.is

Tilnefningarnefnd Reita fasteignafélags hf.

REITIR FASTEIGNAFÉLAG

Sameiginlegt upphaf

Lista- og vinkonurnar Jóhanna Þórhallsdóttir og Hrönn Björnsdóttir opnuðu nýlega sameiginlegu sýninguna Upphaf, í Gallerí Gróttu á Seltjarnarnesi. Þetta er fyrsta sýning þeirra beggja saman en Jóhanna og Hrönn störfuðu saman í listahópnum Anarkíu um árabil.

arnartomas@frettabladid.is

Jóhanna og Hrönn fylgja flæðinu í listsköpun sinni. MYND/AÐSEND

„Við sóttum um þessa sýningu fyrir ansi löngu síðan og vorum eiginlega búnar að gleyma þessu þegar við fengum meldinguna," segir Jóhanna og hlær. „Við rákum upp stór augu og hugsuðum með okkur: Ha, vorum við búnar að sækja um?"

Yfirheiti sýningarinnar hefur ýmsar skírskotanir, bæði í listina sjálfa, sköpunarferlið og tímasetninguna.

„Þetta er í upphafi árs, og við erum alltaf að byrja á einhverju nýju," segir Jóhanna. „Þegar maður byrjar á sýningu er það alltaf nýtt upphaf þótt maður sé búinn að vera að gera þetta lengi."

Hrönn bætir við að hvert andartak bjóði í rauninni upp á nýtt upphaf. „Þetta er ákveðið ferli þegar maður fer af stað með myndir," segir hún. „Þegar maður mætir myndunum sínum og sjálfum sér alltaf upp á nýtt, þá þarf að hafa opinn huga fyrir því sem er að gerast. Annars gerist ekkert."

Sameinast í fjöllunum

Á sýningunni er alls að finna 21 verk og þar kennir ýmissa grasa. Sameiginlegt stef hjá báðum listakonunum segir Hrönn að séu fjöllin.

„Við erum ansi ólíkar í stíl, en sameinumst að einhverju leyti í svona fjallaþema sem tengir okkur á sýningunni," segir Hrönn sem vinnur verk sín með alls konar efnum. „Ég nota bæði blek, vatnsliti, akrýl og lakk og annað sem ég flétta saman og helli upp á myndirnar. Þetta eru eiginlega uppáhelltar myndir."

Hrönn segist ekki vita fyrir fram hver útkoman verði en það endi oftast á einhvers konar abstrakt landslagi.

„Ég sótti innblásturinn meðal annars í óróann í Fagradal, og þótt þetta séu engar gosmyndir þá er landslagið kannski svipað," segir hún. „Það hefur eitthvað gerst en enginn veit nákvæmlega hvað. Þetta er einhvers konar millikafli."

Jóhanna tekur í sama streng en hún segist leyfa litunum og sjálfri sér að flæða. „Ég er expressjónisti og reyni að fanga augnablikið," segir hún. „Vera svolítið í deginum og leyfa tónlistinni að stjórna mér – bæði innri tónlistinni og utan frá."

Sýningin stendur yfir til 12. febrúar. ■

---

†

Okkar ástkæra

Magnúsína Þórðardóttir

fyrrum ljósmóðir,
Grænuvöllum 4, Selfossi,

lést á hjúkrunarheimilinu Lundi mánudaginn 17. janúar.
Útförin fer fram frá Selfosskirkju fimmtudaginn 27. janúar kl. 14.

Vegna fjöldatakmarkana verður aðeins nánasta fjölskylda og vinir viðstaddir. Athöfninni verður streymt á selfosskirkja.is.

Fyrir hönd aðstandenda,
Fred Richard Elsheim

---

†

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Edda Alice Kristjánsdóttir

fv. skrifstofustjóri
í Háskólanum á Akureyri,
Hrafnagilsstræti 34, Akureyri,

lést á Sjúkrahúsinu á Akureyri 17. janúar sl.
Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju þriðjudaginn 25. janúar klukkan 13.

Vegna fjöldatakmarkana í samfélaginu geta aðeins nánustu aðstandendur verið viðstaddir.
Streymt verður frá athöfninni á Facebook-síðunni Jarðarfarir í Akureyrarkirkju – beinar útsendingar.

Sigursveinn Jóhannesson
Svava Kolbrún Sigursveinsdóttir
Jóhannes Steinn Sigursveinsson — **Agnes Arnardóttir**
Kristín Sóley Sigursveinsdóttir — **Hólmkell Hreinsson**
Pétur Magnús Sigursveinsson — **Kathryn Gadsden**
Sigríður Sigursveinsdóttir
Aðalheiður Sigursveinsdóttir
ömmubörn og langömmubörn.

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
www.utforin.is • AUÐBREKKA 1, KÓPAVOGI
Sólarhringsvakt: 581 3300 & 896 8242
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar sé þess óskað

Jóhanna Eiríksdóttir

Sverrir Einarsson

Jón G. Bjarnason

Alúð • Virðing • Traust • Reynsla
ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242

Útfararþjónusta í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkynningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á **timamot@frettabladid.is** eða hringja í síma 550 5055 .

---

†

Elsku maðurinn minn, faðir, stjúpfaðir, tengdafaðir, afi og langafi,

Gunnlaugur B. Geirsson

læknir og prófessor,

lést á hjúkrunarheimilinu Grund föstudaginn 21. janúar.
Útförin fer fram frá Dómkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 4. febrúar kl. 13.

Malín Örlygsdóttir
Geir Gunnlaugsson — **Linda Stafbom**
Björn Gunnlaugsson — **Bríet Birgisdóttir**
Magnús Gunnlaugsson — **Íris Másdóttir**
Aðalsteinn Gunnlaugsson — **Vilborg Kristjánsdóttir**
Örlygur J. Smári — **Guðrún V. Þórisdóttir**
Bergþór J. Smári
Unnur J. Smári — **Friðrik Magnus**
barnabörn og barnabarnabörn.

---

†

Við sendum innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og jarðarför ástkærs föður, tengdaföður, afa og langafa,

Egils Skúla Ingibergssonar

verkfræðings og
fyrrverandi borgarstjóra.

Sérstakar þakkir til starfsmanna HERU og Líknardeildar Landspítala fyrir góða og faglega umönnun.

Kristjana Skúladóttir — **Þórólfur Óskarsson**
Valgerður Skúladóttir — **Gunnar Helgi Sigurðsson**
Inga Margrét Skúladóttir — **Ólafur Björnsson**
Davíð Skúlason — **Fanney Dóra Hrafnkelsdóttir**
barnabörn og barnabarnabörn.

---

†

Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

Hjálmar Th. Ingimundarson

húsasmíðameistari,
Háholti 16, Hafnarfirði,

lést 12. janúar á hjartadeild Landspítalans.

Sigríður V. Árnadóttir
Þóra Friðrika Hjálmarsdóttir — **Guðmar Sigurðsson**
Erlendur Árni Hjálmarsson — **Edda Sjöfn Smáradóttir**
Guðbjörg Hjálmarsdóttir — **Þórður Rafn Stefánsson**
og aðrir aðstandendur.

---

†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Bjarni Bjarnason

Barðaströnd 43, Seltjarnarnesi,

lést á hjúkrunarheimilinu Droplaugarstöðum miðvikudaginn 19. janúar.
Útför auglýst síðar.

Emilía Ólafsdóttir
Sigurveig Hjaltested — **Baldvin Björgvinsson**
Brynjólfur Bjarnason — **Jódís Kolbrún Jónsdóttir**
Ólafía Bjarnadóttir — **Emil Pétursson**
og barnabörn.

---

†

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Áki Jónsson

framkvæmdastjóri,

verður jarðsunginn frá Seljakirkju föstudaginn 28. janúar kl. 13.
Hægt verður að fylgjast með útförinni í beinu streymi á seljakirkja.is.

Andri Ákason
Jón Gunnar Ákason — **Valentina Olivo**
Bjarni Þorvarður Ákason — **Eva Dögg Sigurgeirsdóttir**
Bergljót Jónsdóttir, Baldur Jónsson,
Áróra Bjarnadóttir, Sædís Bjarnadóttir,
Bjarni Gabríel Bjarnason og Viktor Áki Bjarnason
Atlas Nói Sigurðsson

---

†

Maðurinn minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

Óskar Eggertsson

rafvirkjameistari frá Ísafirði,

lést laugardaginn 22. janúar.
Jarðsungið verður frá Ísafjarðarkirkju 29. janúar klukkan 14.

Vegna gildandi fjöldatakmarkana er fjöldi gesta takmarkaður, sjá upplýsingar um streymi á athöfninni á minningar.is.

Sólveig Hermannsdóttir
Sævar Óskarsson — **Margrét Ósk Jónsdóttir**
Hermann Óskarsson — **Helena Heiðudóttir**
Óskar Eggert Óskarsson — **Jóhanna Þórdórsdóttir**
barnabörn og barnabarnabörn.

FRÉTTABLAÐIÐ

ALLT

KYNNINGARBLAÐ

ÞRIÐJUDAGUR 25. janúar 2022

FORLAGIÐ
Alltaf opið á www.forlagid.is

Krýsuvík er jarðhitasvæði rétt hjá Kleifarvatni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Náttúruperla rétt utan borgarinnar

sandragudrun@frettabladid.is

Þegar kalt er í veðri er alveg upplagt að fara í bíltúr og njóta landslagsins í hlýjum bílnum. Það er þó ekki sérlega hollt að sitja lengi kyrr í bíl og fyrir kuldaskræfur er upplagt að leggja leið sína í Krýsuvík og teygja úr sér og skoða náttúruna þar. Krýsuvík er jarðhitasvæði sunnan við Kleifarvatn og því ögn hlýrra að ganga þar um en annars staðar. Það borgar sig samt að vera vel klædd enda engin sólarströnd. Krýsuvík er fornt höfuðból sem lagðist í eyði á síðustu öld og er nú í eigu Hafnarfjarðarbæjar. Við Seltún í Krýsuvík má sjá gufustrókana stíga til himins, virða fyrir sér sjóðandi leirhverina og hverahvamma sem skarta grænum, gulum og rauðleitum litum.

Fjölbreytt litadýrð

Krýsuvík er ein fegursta náttúruperla Íslands og fjölbreytt litadýrð náttúrunnar á hverasvæðinu við Seltún hefur heillað marga listamenn. Stórbrotið landslag Krýsuvíkur er vel fallið til útivistar og náttúruskoðunar. Hér ber einna hæst sprengigíginn Grænavatn, leirhverina við Seltún og Kleifarvatn að ógleymdum Sveifluhálsi og síðast en ekki síst Krýsuvíkurbjargi, sem er eitt stærsta fuglabjarg landsins. Það tekur ekki nema um 40 mínútur að keyra til Krýsuvíkur frá miðbæ Reykjavíkur og þetta er því tilvalinn bíltúr á björtum degi. ■

Sverrir Bergmann og Kristín Eva Geirsdóttir eru hamingjusöm með morgunhanana og sólargeislana sína Sunnu Stellu og Ástu Berthu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Nennir ekki að fá sóla í andlitið

Áður en Sverrir Bergmann eignaðist börn segist hann hafa verið klígjugæi þegar kom að hori, en nú sé allt slíkt fyrir bí. Föðurhlutverkið sé best í heimi. Sverrir á eitt vinsælasta lag nýársins þar sem hann syngur á ljúfan en fyndinn hátt um þreyttan föður ungra dætra. 2

Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg
@frettabladid.is

„Fjölskyldulífið á rosalega vel við mig. Það er bara lífið. Og þótt foreldrahlutverkið sé strembið er það á sama tíma langbest í heimi.“

Þetta segir söngvarinn og stærðfræðikennarinn Sverrir Bergmann sem þessa dagana vermir vinsældalistana með lagi þeirra Halldórs Gunnarssonar í Albatross, Mér þykir það leitt. Þeir félagar sömdu lagið fyrir áratug en það kom ekki út fyrr en fyrir skemmstu.

„Textinn stóð lengi vel á sér en þegar ég kynntist þessari indælu þreytu sem fylgir því að annast lítil börn náði ég að klára viðlagið og semja versin. Ég söng það fyrst þegar dætur mínar voru skírðar og jú, jú, auðvitað vakti það heilmikla kátínu. Fólk hefur gaman af línunni: „Ég veit þú vilt bara ást, næringu og yl. Og gefa mér skít af og til,“ en sú lína kom upp í hugann þegar ég var að taka bleiu af eldri stelpunni og fékk á mig vænan skammt sem frussaðist út um allt. Þar átti ég engan séns,“ segir Sverrir og hlær dátt.

Sverrir segir Kristínu vera yndislega móður sem leggi mikið upp úr því að hafa gaman á heimilinu og að hún sé í senn uppátækjasöm og leikfús. Þau velti nú fyrir sér hvort þau ætli út í frekari barneignir. Á háhesti á mömmu sinni er Sunna Stella, 8 mánaða, en Ásta Bertha, tæpra tveggja ára, situr háhest á föður sínum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ofboðslega tilbúinn í barneignir

Yrkisefni lagsins, Mér þykir það leitt, er blessuð þreytan sem hrjáir Sverri Bergmann eftir að hann eignaðist dætur þeirra Kristínar Evu Geirsdóttur lögfræðings. Aðeins fimmtán mánuðir eru á milli árrisulla systranna sem heita Ásta Bertha Bergmann, fædd í febrúar 2020, og Sunna Stella Bergmann, fædd í maí í fyrra.

„Það sem kom mér mest á óvart við að verða pabbi er þessi innbyggða kunnátta, því þótt maður kunni ekki neitt nær maður alltaf að redda sér. Í fyrstu var ég stressaður yfir því að vita ekkert um ungbörn og hafði til dæmis aldrei skipt á kúkableiu, sem ég hélt að yrði algjört helvíti; svo að ég tali nú ekki um að eignast stelpu, sem ég kunni ekkert á, en svo er þetta ekkert mál. Maður gerir þetta bara, finnur ekki kúkalykt né neitt, en sér svo kúk hjá öðrum börnum og þá er það hræðilegt. Þetta er mjög sérkennilegt. Ég var líka svona klígjugæi þegar kom að hori en svo verður maður pabbi og þá er ekkert mál að taka hor með nöglunum og þurrka það af sér,“ segir Sverrir og hlær að öllu saman.

Hann segist oft vera búinn á því, en þá þurfi ekki nema krúttlegt knús og amstur dagsins gleymist.

„Það breytist nákvæmlega allt við það að verða pabbi. Tilveran fer úr því að hugsa mest um rassgatið á sjálfum sér yfir í að skipta nánast engu máli; maður fer bara í aftursætið og allt snýst um stelpurnar. Ég eignaðist þær sitt hvorum megin við fertugt og var orðinn það gamall að ég var ofboðslega til í það. Ég var löngu búinn að rasa út og við bæði, Kristín búin að ferðast um allan heim og ég búinn að gera hitt og þetta. Fyrir okkur voru barneignir því rökrétt næsta skref. Það var eitthvað sem vantaði og var alveg málið,“ segir Sverrir.

Hann saknar þess ekki að vera frír og frjáls eins og fuglinn.

„Nei, það er helst að ég sakni þess að sofa út. Ég er mikill heimapési og elska að koma heim og hitta fjölskylduna. Allir þessir litlu hlutir gefa lífinu gildi. Maður getur verið úrvinda en fer svo að sækja stelpuna í leikskólann og hún hleypur á móti mér, glöð að sjá pabba sinn. Þá skolast allt frá, maður er kominn í toppmál og hugsar: Ég er að gera eitthvað rétt og allt er gott.“

Undir feldi með þriðja barnið

Sverrir er spurður hvernig faðir hann sé.

„Ég er nokkuð hress pabbi en svolítið ferkantaður, vil hafa lítið rót og ákveðnar reglur. Ég held að besta veganestið frá mínum foreldrum sé festa. Börn þurfa festu og ég vil passa upp á að dæturnar hafi ekki áhyggjur af neinu; þær þurfa ekki að kynnast alvöru lífsins strax,“ svarar Sverrir, sem ólst upp í þriggja bræðra hópi á Sauðárkróki.

„Eitt það magnaðasta við að verða foreldri er að maður lítur sína eigin foreldra allt öðrum augum. Þá fyrst fer maður að meta hvað þau gerðu fyrir mann í uppvextinum og verður þess áskynja að það var heljarinnar vinna. Það er dýrmæt uppgötvun og manni hlýnar um hjartaræturnar, ásamt því að tileinka sér eitt og annað úr þeirra ranni,“ segir Sverrir.

Hann segir gaman að sjá systurnar gefa hvor annarri meiri gaum með auknum þroska.

„Vonandi verða þær góðar vinkonur og passa vel upp á hvor aðra. Hér er líka mikið lagt upp úr því að hafa gaman og Kristín er einstaklega góð í því að hafa mikla gleði á heimilinu, það er sungið, hlegið og dansað. Kristín er yndislega góð mamma og svo uppátækjasöm að maður getur ekki annað en fylgt henni eftir og systurnar njóta góðs af því hvað hún er dugleg að leika við þær,“ segir Sverrir, sæll með konuna sína og barnalánið.

„Við erum að ræða það hvort við eigum að reyna að eignast þriðja barnið og verður þá farið í það fljótlega,“ segir Sverrir kátur.

Yrkir um tilveruna og fólkið sitt

Fótaferðartími systranna er oftast um sjö. Sverrir vaknar með Ástu Berthu og fer með hana í leikskólann á leið til vinnu sinnar í Menntaskólanum í Ásbrú, á meðan Sunna Stella er enn á brjósti og þær Kristín, sem er enn í fæðingarorlofi, geta lúrt áfram á meðan feðginin lauma sér út.

„Ég hef reynt að syngja systurnar í svefn en það fellur í misgóðan jarðveg. Sú yngri nennti þó að hlusta á pabba sinn um daginn og róaðist við sönginn. Þeim er slétt sama þótt þær séu með atvinnusöngvara á rúmstokknum og því segi ég við alla foreldra sem syngja ekki dagsdaglega að veigra sér ekki við að raula fyrir börnin sín í svefn. Það eru dýrmætar stundir og á ég bernskuminningar frá því mamma söng mig í svefn og hugsa hlýtt til þess þegar hún söng fyrir mig vögguvísuna Sofðu, unga ástin mín,“ segir Sverrir.

Stelpurnar verða honum iðulega að yrkisefni og árið 2019 orti hann ástarlagið Þig ég elska, til sinnar heittelskuðu.

„Undanfarið hef ég ort um það sem skiptir mig mestu máli; fólkið mitt, sveitina og lífið eins og það kemur mér fyrir sjónir. Mér finnst það liggja beint við. Fólk tengir við yrkisefnið og lögin lifa áfram því þau spila á tilfinningar fólks.“

Í öðru versi Mér þykir það leitt segir: „Þó ég vakni oftast aðeins ferskari, vona ég að þú vitir að það er ekki viljandi. Hún hefur bara engan áhuga á mér; hún vill bara vera hjá þér.“

„Það samdi ég þegar Ásta Bertha vildi bara vera hjá Kristínu út af brjóstagjöfinni, en nú hefur dæmið snúist við og Kristín gæti allt eins sungið þetta til mín, því nú vill Ásta bara pabba sinn um nætur á meðan Kristín vaknar ferskari því Ásta hefur engan áhuga á henni. Þetta verður vafalaust skemmtileg minning fyrir okkur síðar meir; hvernig þetta allt breyttist.“

Fær uppeldisráð í tölvuleikjum

Svefnskuldin kemur Sverri helst í koll seinnipart dags en þegar kvöldar fær hann orkuskot.

„Ég er enn að reyna að halda í gamla lífið, horfa á þætti, NBA og spila tölvuleiki eins og áður en þær komu í heiminn. Um tíu tekur minn tími við og þá tek ég nokkra leiki sem oft vill ílengjast og maður fær í bakið,“ segir Sverrir sem spilar nú aðallega leikinn Destiny.

„Við spilum nokkrir vinir saman og það hefur komið sér ágætlega því þar á meðal eru nokkrir sem eiga líka litlar stelpur. Stundum koma upp veikindi og þá getum við hent ráðum á milli okkar og ekkert stress þótt stökkva þurfi til vegna ælu. Svo koma menn til baka, spurt hvernig gekk og gefin góð ráð. Því er heilmikill stuðningur í því að spila með öðrum pöbbum,“ segir Sverrir og brosir.

„Ég er hægt og rólega að sætta mig við að svefninn skiptir meira máli en áður, enda gefa stelpurnar engan séns, það er bara ræs! Þær sofa reyndar báðar upp í. Við vorum fyrst hörð á því að sú yngri svæfi í sínu rúmi og herbergi en þegar maður var farinn að fara fimm til sex sinnum á nóttu til að svæfa aftur ákváðum við að prófa að taka hana upp í. Nú sofnar hún í sínu rúmi en vaknar gjarnan um miðnættið og er þá tekin upp í og allir sofa vært til morguns. Ég mæli með þessu. Það er notalegt að hafa börnin hjá sér og fá olnboga eða spark í andlitið en Ásta Bertha á Frozen-skó sem hún vill helst sofa í. Nú er búið að setja reglu um að hún fari ekki í skónum í hjónarúmið því ég nenni ekki lengur að fá skósólann í andlitið,“ segir Sverrir og skellihlær.

Kominn í draumastarfið

Þau Sverrir og Kristín eru samstíga í uppeldinu. Fjölskyldan býr suður með sjó.

„Hér er geggjað að búa; Njarðvík er eins og Sauðárkrókur fyrir mér. Við búum í æðislegri götu með yndislegum Nágranna-blæ, og þegar Sunna Stella kom í heiminn bönkuðu nágrannarnir upp á og voru með Ástu Berthu sem flakkaði á milli húsa svo við gætum fengið hvíld. Þá minnir sjórinn og rokið sterkt á Krókinn, og manni fer að þykja vænt um það; stundum, ekki alltaf,“ segir Sverrir kíminn.

Hann er alsæll í kennarastarfinu.

„Draumurinn var alltaf að verða kennari og stærðfræði er mitt uppáhalds fag. Ég dúxaði í stærðfræði í gagnfræða- og framhaldsskóla, og er með BS-gráðu í viðskiptafræði. Þetta er krefjandi starf á Covid-tímum, um helmings mæting vegna smita, en kennurum er sparkað inn í skólastofuna og þeir standa sína vakt þar til þeir smitast líka; þá mega þeir hvíla sig,“ segir Sverrir.

Með hækkandi sól vonast Sverrir til að geta stigið aftur á svið og sungið fyrir áhorfendur.

„Já, ég hlakka mikið til að koma fram á ný. Þá hverfur öll þreyta eins og dögg fyrir sólu og maður kemst í gírinn. Kristín hefur passað upp á að ég fái góðan nætursvefn fyrir giggin sem ég hef tekið síðan stelpurnar fæddust og hún leyfir mér að sofa til hádegis eftir hvert gigg. Svefninn skiptir gríðarmiklu máli fyrir sönginn eins og stærðfræðikennsluna og ég er að læra að koma mér fyrr í háttinn. Svo gengur þetta yfir, er mér sagt. Ég trúi því og á þá eflaust eftir að sakna þreytunnar því erfið tímabil gefa lífinu lit. Þetta er eins og með eftirvinnuna; því meira sem maður vinnur, því meira fæst borgað.“ ■

> **Eitt það magnaðasta við foreldrahlutverkið er að maður lítur sína eigin foreldra allt öðrum augum.**

Allt er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: Torg ehf.
Ábyrgðarmaður: Björn Víglundsson

Umsjónarmenn efnis: **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 5766 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Starri Freyr Jónsson** starri@frettabladid.is, s. 550 5767 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Sölumenn: **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir,** ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.

FRÉTTABLAÐIÐ

Fasteignablaðið

4. TBL. 25. JANÚAR 2022

FASTEIGNIR.FRETTABLADID.IS

heimili
fasteignasala
á traustum grunni
Finnbogi Hilmarsson löggiltur fasteignasali.

Grensásvegur 3 • 2 hæð • 108 Reykjavík • Sími 530 6500 • heimili@heimili.is • heimili.is

SKOÐUNARFERÐIR
TIL SPÁNAR Á 49.900 KR
Hafðu samband og kynntu þér ferli
skoðunarferða hjá Masa International

Við höfum selt eignir á Spáni frá 1981

MASA INTERNATIONAL
Jónas H. Jónasson
jonas@masainternational.is
Sími: 555 0366
Gsm: 842 1520
www.masainternational.is

EIGNAMIÐLUN
Skrifstofuhúsnæði
til leigu
Til leigu 260 fm nýtt og vandað skrifstofuhúsnæði
við Katrínartún
Húsnæðið skiptist m.a í stórt opið rými, þrjú fundarherbergi,
skrifstofu og fl.

Sverrir Kristinsson
Löggiltur fasteignasali
sverrir@eignamidlun.is
861 8514

Hilmar Þór Hafsteinsson
Löggiltur leigumiðlari,
löggiltur fasteignasali
hilmar@eignamidlun.is
824 9098

Grensásvegi 11 108 Reykjavík | Sími 588-9090 | eignamidlun.is

Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —
Beinn sími: 550 5625
Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

Húsið sem stendur við Flókagötu er með þremur íbúðum.

Parhús með þremur íbúðum

Fasteignamarkaðurinn ehf., s. 570-4500, kynnir fallegt og vel skipulagt 249 fm parhús á þremur hæðum og með þremur íbúðum á eftirsóttum stað við Flókagötu í Reykjavík.

Þrjár íbúðir eru í húsinu, 3 herbergja íbúð á 2. hæð, 3 herbergja íbúð á 1. hæð og 2 herbergja íbúð í kjallara. Mögulegt er að stækka kjallaraíbúðina sem nemur sameign í kjallara og gera 3 herbergja íbúð þar líka. Suðursvalir eru út af 1. og 2. hæð hússins.

Eignin stendur á 278 fm lóð sem er viðhaldslítil og afgirt með steyptum veggjum og viðarverönd. Á framlóð hússins er útigeymsla t.d. fyrir hjól o.fl.

Skv. Fasteignaskrá Íslands er skipting eignar: Neðri hæðin er skráð 75,5 fm, efri hæðin er skráð 75,5 fm og kjallari er skráður 40 fm. Sameign í kjallara er skráð 58 fermetrar en þar er stórt sameiginlegt þvottaherbergi með gluggum og sértenglum fyrir hverja íbúð, gangur með skápum og stór geymsla með gluggum. Lofthæð í kjallara er mjög góð og aukin lofthæð er á efri hæðum hússins. Hér er um að ræða eign með mikla möguleika á frábærum stað miðsvæðis í Reykjavík.

Lýsing eignar: Sameiginlegur inngangur er með neðri og efri hæð.

Neðri hæð: Komið er inn á gang/hol með skáp og fatahengi. Tvö stór svefnherbergi eru í íbúðinni auk stórrar stofu/borðstofu. Úr öðru svefnherberginu er gengið út á litlar suðursvalir og í hinu eru innbyggðir fataskápar. Eldhúsið er með nýlegum hvítum innréttingum, glugga, borðaðstöðu og nýlegum tækjum. Baðherbergi með glugga, dúklagt gólf, nýlegur sturtuklefi og tengi fyrir þvottavél.

Efri hæð: Komið er inn á gang/hol með skáp og fatahengi. Tvö rúmgóð svefnherbergi eru í íbúðinni auk stórrar stofu/borðstofu. Úr öðru svefnherberginu er gengið út á rúmgóðar suðursvalir og í hinu eru innbyggðir fataskápar. Eldhúsið er með fallegum upprunalegum innréttingum og glugga. Baðherbergi er með glugga, flísalagt gólf og mósaíklagðir veggir, skápar og nýlegur sturtuklefi. Tengi fyrir þvottavél er í baðherbergi.

Kjallari: Sérinngangur er í íbúðina. Komið er inn á parketlagðan gang. Snyrting með glugga, lakkað gólf. Stofa, parketlögð, björt og rúmgóð. Herbergi, parketlagt. Eldhús með hvítum nýlegum innréttingum og tækjum. Sturtuherbergi er inn af eldhúsi og er það með nýlegum sturtuklefa.

Innangengt er í sameign í kjallara bæði úr kjallaraíbúð og af efri hæðum í gegnum stigahús. Gangur með innbyggðum skápum. Stórt þvottaherbergi með gluggum, sértenglum fyrir hverja íbúð og sturtuaðstöðu. Stór geymsla með gluggum sem áður var þrjár afstúkaðar geymslur. Í geymslu er lagnagrind hússins.

Raflagnir hafa verið endurnýjaðar að einhverju leyti og rafmagnstafla fyrir húsið er nýleg. Búið er að endurnýja klóaklagnir frá húsi og út í götu.

Staðsetning eignarinnar er virkilega góð miðsvæðis í borginni og eignin er kjörin til útleigu. ■

» Staðsetning eignarinnar er virkilega góð miðsvæðis í borginni og eignin er kjörin til útleigu.

Allar nánari upplýsingar og tímapantanir á skoðun eignarinnar er að fá á skrifstofu Fasteignamarkaðarins ehf. í síma 570-4500 eða á netfanginu fastmark@fastmark.is

FASTEIGNA MIÐLUN

Skólavörðustíg 3 - 2. hæð - 101 Reykjavík
Sími 575 8500 - www.fasteignamidlun.is

Sverrir Pálmason,
lögmaður og löggiltur fasteignasali,
sími 867-1001

Gunnar Bergmann Jónsson,
Löggiltur fasteignasali, sími 839-1600

TIL LEIGU UM 863 M² HÚSNÆÐI Á JARÐHÆÐ VIÐ LYNGHÁLS 2 Í REYKJAVÍK

Eignin er sýnileg með góða aðkomu frá gatnamótum Hálsabrautar og Lynghálsar.

Húsnæðið er stórt opið rými, alls 863 m². Lofthæðin er um 4,6 m til 5,2 m. Í rýminu er niðurtekið gólf að hluta og góðar innkeyrsludyr sem snúa að Lynghálsi, þar er þvottaaðstaða í dag. Mjög auðvelt er að breyta húsnæðinu í verslunar-húsnæði með góðum sýningarsal. Málning var áður með starfsemi í þessum hluta hússins.

Mögulegt er að leigja minni hluta í húsinu.

NÁNARI UPPLÝSINGAR VEITA
Sverrir Pálmason
löggiltur fasteignasali
í síma 867-1001
sverrir@fasteignamidlun.is

Gunnar Bergmann Jónsson
Löggiltur fasteignasali
í síma 839-1600
gunnar@fasteignamidlun.is

BÚUM VEL

SÉRHÆFÐ LÖGFRÆÐIÞJÓNUSTA MEÐ ÁHERSLU Á 60+

Ráðgjöf varðandi húsnæðisskipti, erfðaskrá, kaupmála eða dánarbúskipti. Lögmaður þér við hlið við sölu fasteignar án þess að greiða aukalega fyrir þá þjónustu.

BÚUM VEL veitir nýja tegund þjónustu. Kynntu þér málið.

Elín Sigrún Jónsdóttir, lögmaður | Tryggvagötu 11, 2. hæð
Sími 783 8600 | elin@buumvel.is | www.buumvel.is

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —

Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.

Óðinsgötu 4, 101 Reykjavík
Sími 570 4500 • fastmark@fastmark.is • www.fastmark.is
Jón Guðmundsson lögg. fasteignasali
Guðmundur Th. Jónsson lögg. fasteignasali
Í TRAUSTUM HÖNDUM Í ÁRATUGI

2021 Fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri
Viðskiptablaðið Keldan

Jón Guðmundsson
Lögg. fasteignasali
jon@fastmark.is

Guðmundur Th. Jónsson
Lögg. fasteignasali
gtj@fastmark.is

Elín D. Guðmunds-dóttir
Lögg. fasteignasali
elin@fastmark.is

Sigríður Kjartansdóttir
Lögg. fasteignasali
sigridur@fastmark.is

Gísli Rafn Guðfinnsson
Aðstoðarmaður fasteignasala
gisli@fastmark.is

Hallveig Guðnadóttir
Skrifstofustjóri
hallveig@fastmark.is

Starfandi í 40 ár – 1982-2022

Virkilega fallegt, vandað og vel skipulagt um 200 fermetra einbýlishús á einni hæð með innbyggðum bílskúr á glæsilegum útsýnisstað í Hæðahverfinu í Garðabæ.

Athugið að eignin fæst eingöngu keypt í skiptum fyrir 3ja - 4ra herbergja íbúð í fjölbýlishúsi í Sjálandi, Akralandi eða í Kirkjulundi í Garðabæ.

Eignin sem seljendur þessarar eignar leita að þarf að vera með tveimur baðherbergjum eða baðherbergi og gestasnyrtingu, sér bílastæði í bílageymslu, suðursvölum og útsýni. Auk þess þarf að vera lyfta í viðkomandi húsi.

Þarft þú að stækka eða minnka við þig en finnur ekki réttu eignina ?

Höfum fjölda aðila á skrá sem vilja selja í skiptum fyrir stærri eða minni eignir.

Hafðu samband og skráðu þig hjá okkur. Við finnum réttu eignina fyrir þig.

MIKLABORG

Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson
hdl. og löggiltir fasteignasalar

Jón Rafn Valdimars lögg. fasteignasali Sími: 695 5520
Gunnar S. Jónsson lögg. fasteignasali Sími: 899 5856
Ólafur Finnbogason lögg. fasteignasali Sími: 822 2307
Elín Alfreðsdóttir lögg. fasteignasali Sími: 899 3090
Hreiðar Guðmunds lögg. fasteignasali Sími: 661 6021
Þórunn Pálsdóttir lögg. fasteignasali Sími: 773 6000
Ómar Hvanndal hdl. & aðst. fasteignas Sími: 832 3200
Barbara R. Bergþórs lögg. fasteignasali Sími: 823 0339
Jason Kr. Ólafsson lögg. fasteignasali Sími: 775 1515
Íris Arna Geirsdóttir aðst. fasteignasala Sími: 770 0500
Þröstur Þórhallsson lögg. fasteignasali Sími: 897 0634
Jórunn Skúladóttir lögg. fasteignasali Sími: 845 8958

2015 2021
Framúrskarandi fyrirtæki

Þóroddur S. Skapta lögg. fasteignasali Sími: 868 4508
Svan G. Guðlaugsson lögg. fasteignasali Sími: 697 9300
Atli S. Sigvarðsson lögg. fasteignasali Sími: 899 1178
Óskar H. Bjarnasen lögg. fasteignasali Sími: 691 1931
Kjartan Í. Guðmunds lögg. fasteignasali Sími: 663 4392
Þórhallur Biering lögg. fasteignasali Sími: 896 8232
Árni Davíð Bergs aðst. fasteignasala Sími: 625 2500
Friðrik Þ. Stefáns hdl. & aðst. fasteignas Sími: 616 1313
Friðjón Ö. Magnúss. lögg. fasteignasali Sími: 692 2704
Óskar S. Axelsson aðst. fasteignasala Sími: 691 2312
Ingi Þór Ingólfsson lögg. fasteignasali Sími: 698 4450
Páll Pórólfsson lögg. fasteignasali Sími: 893 9929
Ragnheiður Péturs hdl. og löggiltur fasteignasali

Reykjastræti 7
101 Reykjavík - íb. 213

Sérlega glæsileg 129,5 fm 2ja herb. ásamt sérmerktu stæði í bílageymslu

- Stór samliggjandi stofa og eldhús með útgengi bæði á vestur og austur svalir
- Veglegt svefnherbergi og rúmgott baðherbergi með baðkeri, sturtu og þvottaaðstöðu
- Vandaðar ítalskar innréttingar

Verð: **128 millj.**

Þórunn Pálsdóttir lögg. fasteignasali Sími: 773 6000 thorunn@miklaborg.is
Jason Ólafsson lögg. fasteignasali Sími: 775 1515 jko@miklaborg.is
Jón Rafn Valdimars lögg. fasteignasali Sími: 695 5520 jon@miklaborg.is
Þröstur Þórhallsson lögg. fasteignasali sími: 897 0634 throstur@miklaborg.is

Reykjastræti 7
101 Reykjavík - íb. 413

Glæsileg björt 104 fm horníbúð á 4. hæð ásamt sérmerktu stæði í bílag.

- Stórir gluggar á tvo vegu og heillandi útsýni að Hörpu
- Opið eldhús og stór stofa með útgengi á austursvalir
- Rúmgott svefnherbergi með fataherbergi inn af
- Stórt baðherbergi með baðkeri, sturtu og þvottaaðstöðu
- Vandaðar ítalskar innréttingar

Verð: **123 millj.**

Þórunn Pálsdóttir lögg. fasteignasali Sími: 773 6000 thorunn@miklaborg.is
Jason Ólafsson lögg. fasteignasali Sími: 775 1515 jko@miklaborg.is
Jón Rafn Valdimars lögg. fasteignasali Sími: 695 5520 jon@miklaborg.is
Þröstur Þórhallsson lögg. fasteignasali sími: 897 0634 throstur@miklaborg.is

Búðavað 8
110 Reykjavík

Stórglæsilegt parhús á 2 hæðum 219 fm með 31,1 fm suður svölum og útsýni að Elliðavatni, yfir friðað svæði

- Fjögur svefnherbergi, möguleiki á fimm með smá breytingum
- Tvö baðherbergi
- Tvær stofur með mikilli lofthæð 3,0 m bjartar og stórglæsilegar með útgengt út á suður svalir
- Vel skipulögð á rými, þar sem aukin lofthæð er bæði á neðri og efri hæð, gólfsíðir gluggar í stofu með rennihurð út á suður svalir
- Bílskúr 27 fm
- Vinsæl staðsetning

Verð: **139 millj.**

Nánari upplýsingar:
Jórunn Skúladóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 845 8958
jorunn@miklaborg.is

Fasteignasalan
Miklaborg
Lágmúla 4
108 Reykjavík

sími
5697000
www.miklaborg.is

Með þér alla leið

Aðeins **2 íbúðir** eftir



Hverfisgata 92
101 Reykjavík

Glæsilegar 2 - 4 herbergja 107,7 - 146,4 fm íbúðir

- Góð sameign og **margar íbúðir sér-stæðar** og liggja ekki að öðrum íbúðum
- **Snjallíbúðir og Gólfhiti** í öllum íbúðum
- Fallegur **inngarður**
- **Vandaðar** innréttingar og tæki
- Flestir **gluggar gólfsíðir**
- **Stæði í bílageymslu** fylgir flestum íbúðum.
- Íbúðirnar **skilast fullbúanar** m. gólfefnum

Hafið samband og ráðfærið ykkur **við sölumenn okkar!**

Ólafur Finnbogason
lögg. fasteignasali
Sími: 822 2307
olafur@miklaborg.is

Barbara R. Bergþórs
lögg. fasteignasali
Sími: 823 0339
barbara@miklaborg.is

Elín Alfreðsdóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 899 3090
elin@miklaborg.is

Hreiðar L. Guðmunds
lögg. fasteignasali
Sími: 661 6021
hreidar@miklaborg.is

Hús	Eign	Herb	Stærð	Verð
B	0503	4	146,4 m²	**169 m. kr**
C	0206	3	107,7 m²	**84,9 m. kr**

Klettatröð 8
235 Reykjanesbæ

1815 fm skrifstofu-húsnæði á 2 hæðum, á Ásbrú í Reykjanesbæ

- Steinsteypt hús með stóru bílastæði fyrir framan húsið
- Góður garður fyrir aftan
- Reykjanesbær - Stutt á flugvöllinn

Jason Ólafsson
lögg. fasteignasali
Sími: 775 1515
jko@miklaborg.is

Árni Davíð Bergs
aðst. fasteignasala
Sími 625 2500
arni@miklaborg.is

Verð: **Tilboð**

Grandavegur 42 e
107 Reykjavík - íb. 305

Vönduð 146,5 fm 4ra herb. íbúð á 3. hæð með 23 fm yfirbyggðum svölum.

- 3 svefnherbergi
- 2 baðherbergi
- Eldhús og stofa eru í opnu rými
- Íbúðin er laus strax við kaupsamning.
- Sérgeymsa í kjallara
- Stæði í bílageymslu

Jason Ólafsson
lögg. fasteignasali
Sími: 775 1515
jko@miklaborg.is

Íris Arna Geirsdóttir
aðst. fasteignasala
Sími: 770 0500
iris@miklaborg.is

Verð: **98,9 millj.**

Glæsilegar nýjar íbúðir í Norðlingaholti

Elliðabraut 4-10
110 Reykjavík

Nýr áfangi af glæsilegar nýjum íbúðum kominn í sölu í Norðlingaholti

- Mikið úrval af **2-5 herbergja** íbúðum
- Stærðir frá **81,9 – 136,5 fm**
- **Aukin lofthæð** í mörgum íbúðum
- **Bílastæði fylgir** öllum íbúðum
- Rétt við **Elliðavatn** og **Heiðmörk**
- Afhending **strax**

Verð frá: **69,9 millj.**





Glæsilegt fjölbýlishús á þessum eftirsótta stað í Norðlingaholti. Húsið er teiknað af +Arkitektum og byggt af Þingvangi. Vandaðar sérsmíðaðar innréttingar og fataskápar sem ná upp í loft. Öllum íbúðum fylgir sérgeymsla og sérmerkt stæði í lokaðri bílageymslu. Sumum íbúðum fylgir einnig bílskúr.

- Íbúð **217**
  - Stærð 155 fm
  - 5 herbregja
  - 2 baðherbergi
  - 95 fm sérafnotaflötur
  - Tvennar svalir
  - Stæði í bílageymslu

Verð **103.990.000**

- Íbúð **316**
  - Stærð 109,2 fm
  - 3ja herbergja
  - 2 baðherbergi
  - Tvennar svalir
  - Stæði í bílageymslu

Verð **82.990.000**

Óskar H. Bjarnasen
lögg. fasteignasali
sími: 691 1931
ohb@miklaborg.is

Jason Ólafsson
lögg. fasteignasali
Sími: 775 1515
jko@miklaborg.is

Ómar Hvanndal
hdl. og aðst. fasteignas
Sími: 832 3200
omar@miklaborg.is

Hlíðarvegur 46
200 Kópavogur

Einbýlishús 186 fm með aukaíbúð í suðurhlíðum Kóp.

- Miðhæð: Anddyri, geymsla, baðherbergi og þvottahús, eldhús hol, borðstofa og stofa.
- Efri hæð: 4 svefnherbergi, svalir úr aðalsvefnherbergi, baðherbergi.
- Aukaíbúð í kjallara sem er skráð 35,5 fm

Jason Ólafsson
lögg. fasteignasali
Sími: 775 1515
jko@miklaborg.is

Íris Arna Geirsdóttir
aðst. fasteignasala
Sími: 770 0500
iris@miklaborg.is

Verð: **120 millj.**

Nánari upplýsingar veitir:
Jón Rafn Valdimarsson
lögg. fasteignasali
sími: 695 5520
jon@miklaborg.is

Tunga
801 Gaulverjabær

Jörð á besta stað

- Óviðjafnanlegur fjallahringur, mikið víðsýni og einstök fjara
- Sjóbirtingsá rennur um jörðina.
- Jörðin býður upp á mikla möguleika
- Um 70 km frá Reykjavík
- Möguleikar tengdir ferðaþjónustu sem vert er að skoða en eldri útihús gætu nýst að hluta í slíkt og einnig mætti byggja gistiaðstöðu sem var hannað og teiknað upp á sínum tíma.

Verð: **160 millj.**

Hraunbær 128
110 Reykjavík - íb. 201

Einstaklega smekklega endurnýjuð 92 fm íbúð á þessum vinsæla stað

- Eldhús, bað, gólfefni og innihurðar endurnýjað sl 3 ár
- Tvö svefnherbergi
- Bað með þvottaaðstöðu
- Björt stofa
- Frábært skipulag
- Suðvestur svalir
- Sérgeymsla í kjallara

Nánari upplýsingar veitir:
Þórunn Pálsdóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 773 6000
thorunn@miklaborg.is

Verð: **52,6 millj.**

Jason Ólafsson
lögg. fasteignasali
Sími: 775 1515
jko@miklaborg.is

Árni Davíð Bergs
aðst. fasteignasala
Sími 625 2500
arni@miklaborg.is

Skálabrekkugata 10
806 Þingvellir

Glæsilegt 174 fm heilsárshús

- Hannað að innan af Rut Káradóttur
- 34 fm gestahús
- Nýleg útisauna
- Fjögur svefnherbergi
- Mikið útsýni
- 30 mín frá Reykjavík

Verð: **Tilboð**



Ártunga 2 stendur við mjög fallegan stað við Brúará

- Eignin er 30 fm og að auki er grunnur fyrir annan 30 fm bústað, undirstöður ásamt öllum lögnum, tilbúið til byggingar.
- Hlauptungufoss og flúðir fyrir neðan hann og Miðfoss fyrir ofan

Verð: **29,5 millj.**

Nánari upplýsingar:
s. 775 1515 **Jason Kr. Ólafsson** löggiltur fasteignasali



Vel skipulögð 101 fm íbúð á 2. hæð, 3ja herb.

- Gott alrými, stofa og eldhús, gangur/hol,
- Tvö svefnherbergi.
- Þvottahús og geymslu á jarðhæð
- Góð staðsetning þar sem stutt er í skóla og helstu þjónustu
- Sérmerkt bílastæði

Verð: **55,9 millj.**

Nánari upplýsingar:
s. 691 2312 **Óskar S. Axelsson** Gunnar S. Jónsson, lögg fasteignasali

Glæsileg eignarlóð við Sog, alls 6926 fm

- Vatn og rafmagn við lóðarmörk.
- Er í nágrenni við Grímsborgir í Þrastarskógi.
- Keyrt er framhjá Grímsborgum og eftir það er tekinn fyrsta beygja til vinstri í átt að Soginu. Inná svæðinu er keyrt til hægri, og þá er lóðin á vinstri hönd.

Verð: **Tilboð**

Nánari upplýsingar:
s. 775 1515 **Jason Kr. Ólafsson** löggiltur fasteignasali

Jórunn Skúladóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 845 8958
jorunn@miklaborg.is

Skúlagata 10
101 Reykjavík

- **Glæsilegt 149 fm húsnæði, búið að skipta í tvær íbúðir eða skrifstofur**
- Sérinngangur, gólfsíðir gluggar
- Nýbúið að endurnýja alveg, eldhús, baðherbergi, stofur, gólfefni, loftræstikerfi sem og raflagnir
- Húsnæði á einu fastanúmeri
- Einstök staðsetning við miðborg Reykjavíkur
- Laust strax.

Verð: **93,9 millj.**

Jason Ólafsson
lögg. fasteignasali
Sími: 775 1515
jko@miklaborg.is

Íris Arna Geirsdóttir
aðst. fasteignasala
Sími: 770 0500
iris@miklaborg.is

Steinar
240 Grindavík

158,9 fm einbýli/ gistiheimili með góðum leigutekjum

- Sex herbergja gistiheimili á góðum stað í Grindavík
- Eignin er að mestu endurnýjuð, bæði innandyra sem og utan
- Góðir leigutakar
- Bílskúr skráður ca 30 fm
- Lóðin er 1098 fm að stærð

Verð: **54,9 millj.**

Vegna mikillar sölu **vantar allar gerðir fasteigna** til sölu, **hafið samband við sölumenn okkar** bókið skoðun og **fáið frítt verðmat.**

569 7000 | Lágmúla 4 | miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

Erum við
að leita
að þér?

Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —

Beinn sími: 550 5625
Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

Vinnvinn | Kringlan 7 | 103 Reykjavík
Sími 552 1212 | vinnvinn@vinnvinn.is | www.vinnvinn.is

RÁÐNINGAR \ RÁÐGJÖF

MATUR OG HEIMILI

MEÐ SJÖFN ÞÓRÐAR

Lifandi þáttur um matargerð í bland við innanhússarkitektúr, hönnun og fjölbreyttan lífsstíl. Í þáttunum heimsækir Sjöfn heimili, kaffi- og veitingahús og eldhús matgæðinga, sælkera- og matarbloggara, fær innsýn í heimili og staði viðkomandi og kynnist matarmenningu hvers og eins. Sjöfn heimsækir jafnframt heimili ólíkra einstaklinga, kynnist persónulegum stíl þeirra og hönnun.

Matur og Heimili er á dagskrá alla þriðjudaga klukkan 19.00.

Lemon
SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is
Flügger
HRINGBRAUT

EIGNAMIÐLUN

Skrifstofuhúsnæði til leigu

Til leigu 260 fm nýtt og vandað skrifstofuhúsnæði við Katrínartún

Húsnæðið skiptist m.a í stórt opið rými, þrjú fundarherbergi, skrifstofu og fl.



Sverrir Kristinsson
Löggiltur fasteignasali
sverrir@eignamidlun.is
861 8514

Hilmar Þór Hafsteinsson
Löggiltur leigumiðlari,
löggiltur fasteignasali
hilmar@eignamidlun.is
824 9098

Grensásvegi 11 108 Reykjavík | Sími **588-9090** | **eignamidlun.is**

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?

frettabladid.is

Skipulagsbreytingar í Hafnarfirði

Nýtt deiliskipulag

Hamranes reitur 27B
Tillagan gerir ráð fyrir að reisa tvö fimm hæða fjölbýlishús með 50 íbúðum ásamt reit fyrir einnar hæðar 30 m² smáhýsi fyrir íbúa. Á jarðhæð sem snýr að Hringhamri er heimilt að vera með verslun og þjónustu.

Breytingar á deiliskipulagi

Skarðshlíð 1. áfangi
Tillagan gerir ráð fyrir biðskýli og aðstöðu fyrir vagnstjóra við nýja endastöð Strætó á Ásvallabraut við Nóntorg.

Tillögurnar verða til sýnis á umhverfis- og skipulagssviði að Norðurhellu 2 og í þjónustuveri Hafnarfjarðarbæjar Strandgötu 6, frá **25.01. 2022**. Hægt er að skoða skipulagstillögurnar á **hfj.is/skipulag**.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytinguna. Skal þeim skilað eigi síðar en **09.03 2022** á netfangið skipulag@hafnarfjordur.is eða skriflega í þjónustuver:

Hafnarfjarðarbær
bt. umhverfis- og skipulagssvið
Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður

hafnarfjordur.is

Hafnarfjörður

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

INHOPE insafe

SAFT

TILKYNNA ÓVIÐEIGANDI EÐA ÓLÖGLEGT EFNI Á NETINU

ÍÞRÓTTAVIKAN MEÐ BENNA BÓ

FÖSTUDAGA KL. 21.00

HRINGBRAUT

Við leiðum fólk saman

hagvangur.is

HAGVANGUR



BÍÓBÆRINN

FÖSTUDAGA KL. 20.00

ENDURSÝNDUR LAUGARDAGA KL. 19.30

Gunnar og Árni fara yfir þær kvikmyndir sem eru væntanlegar í bíóhús landsmanna og dusta einnig rykið af gömlum gullmolum og fræða áhorfendur um leyndar-dóma kvikmyndaheimsins.

HRINGBRAUT

Smáauglýsingar

550 5055
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki

Nýr Ford Transit Custom Edition Trend 9 manna. 8” skjár í mælaborði með bakkmyndavél ofl. Það er margra mánaða bið eftir svona bíl en við eigum þennan til afhendigar strax. Verð 5.800. þús án vsk.

Sparibíll ehf
Hátún 6A, 105 Reykjavík
Sími: 577 3344
www.sparibill.is

Þjónusta

Nudd

NUDD NUDD NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Málarar

MÁLARAMEISTARI
Tek að mér að endurmála íbúðir og fl. Fagmennska, mikil reynsla og sanngjörn verð. Málningarþjónusta Egils ehf. S. 868-5171. egillsverris@gmail.com

REGNBOGALITIR EHF
Getum bætt við okkur verkefnum innanhúss. Löggiltur málarameistari. Löggiltir málarar. Vönduð vinna, vanir menn. www.regnbogalitir.is malarar@simnet.is. Sími 8919890

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsaviðhald

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

Spádómar

SPÁSÍMINN 908 5666
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.
Töfluskipti, myndsímar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Húsnæði

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

Heilsa

Heilsuvörur

Keypt & Selt

Til sölu

myranaut

Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

Tilkynningar

Skipulagsstofnun

Umhverfismat framkvæmda
Ákvörðun um matsskyldu

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að framkvæmdin

Eldi á laxaseiðum að Laxabraut 5 í Þorlákshöfn, Sveitarfélaginu Ölfusi

skuli ekki háð umhverfismati samkvæmt lögum nr. 111/2021. Ákvörðunina er að finna á vef stofnunarinnar www.skipulag.is. Ákvörðunina má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála til **19. febrúar 2022.**



REXTON

DULDIR HÆFILEIKAR AÐ HEYRA ÓSJÁLFRÁTT ÞAÐ MIKILVÆGASTA

Lífið verður áskorun þegar heyrnin fer að skerðast. Allt frá stofnun fyrirtækisins árið 1955 hefur Rexton boðið upp á nýjustu tækni í heyrnartækjum. Þau hafa skilað ótal nýjungum og tæknilegum lausnum svo að þú getir treyst á góða heyrn. Með MotionCore® tækninni stilla heyrnartækin sig sjálfkrafa að hvaða aðstæðum sem er svo að þú getur reitt þig á Rexton. Komdu í ókeypis heyrnarmælingu og fáðu heyrnartæki lánuð til reynslu.

Kringlunni • sími 568 7777 • heyra.is

HEYRNARSTÖÐIN

Veðurspá Þriðjudagur



Gengur í suðvestan 15-23 m/s með rigningu eða slyddu. Hvassast með suðurströndinni. Snýst í vestan og síðan norðvestan 20-28 m/s eftir hádegi. Áfram rigning, en síðan slydduél eða él og kólnandi veður. ■

Skák Gunnar Björnsson

Hvítur á leik

Daniel Dardha (2.532) átti leik gegn Polinu Shuvalova (2.516) á Tata Steel-mótinu í Wijk aan Zee.

21. Dxa7+!! Dxa7 22. Rc7# 1-0. Kæfingamát! Óvenjulegt að sjá það á drottningarvængnum. Magnús Carlsen og Skakhriyar Mamedyarov eru efstir og jafnir. Þeir mætast í dag. Skákdagurinn fer fram á morgun. Mótahald á netinu.

www.skak.is: Skákdagsmótin. ■

Krossgáta

LÁRÉTT
1 fugl
5 gruna
6 tveir eins
8 fyrirgirðing
10 tveir eins
11 tímabil
12 íþróttafélag
13 andvari
15 krydd
17 kvk nafn

LÓÐRÉTT
1 þversögn
2 tilræði
3 kosning
4 söngla
7 þræta
9 svikahrappur
12 pússa
14 svifdýr
16 tveir eins



LÁRÉTT: 1 mávur, 5 óra, 6 aa, 8 tálmun, 10 ss, 11 öld, 12 fram, 13 gráð, 15 negull, 17 karla.
LÓÐRÉTT: 1 mótsögn, 2 árás, 3 val, 4 raula, 7 andmæla, 9 mörður, 12 fága, 14 rek, 16 ll.

Sudoku

			9			3		7
	2	4	7					6
	7		4				1	
		6			7	2		
	9	7			2		6	
	3	8	1	6				
				5		4	2	
3	6	1		4		5		
	5		3					

1		9				8		5
		6					4	
	5	7					1	3
				4	6			9
	3		9					1
		2		5				
8				7	2			
	1							
	9	3				2		

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

DORMA ÚTSALA

25% AFSLÁTTUR

MIAMI lyftistóll
Stillanlegur hægindastóll með tveimur öflugum mótorum. Leður á slitflötum. Svartur grár eða brúnn. **Fullt verð: 259.990 kr.**

Aðeins **194.925** kr.

LICATA tungusófi
Hægri eða vinstri í Kentucky bonded leðri.
265 x 165 x 82 cm. **Fullt verð: 244.900 kr.**

20% AFSLÁTTUR

Aðeins **195.920** kr.

40% AFSLÁTTUR

Sealy

BOSTON CITY stillanlegt heilsurúm.
Dýna, botn, fætur og gafl

Boston City fást í þremur stærðum; 160x200, 180x200 og 200 x 200 cm. Botn, dýna og gafl eru klædd sama dökk- eða ljósgráa, slitsterka áklæðinu sem gefur rúminu glæsilegt útlit. Dýnan er svæðaskipt pokagormadýna. Efst er mjúk og þægileg yfirdýna sem styður vel við líkama þinn. Botninn er með gormum (Boxspring) sem gefur viðbótarfjöðrun. Rúminu fylgir þráðlaus fjarstýring.

Stærð í cm	Fullt verð	Útsöluverð
Boston City 160 x 200	479.900 kr.	**287.940 kr.**
Boston City 180 x 200	499.900 kr.	**299.940 kr.**
Boston City 200 x 200	569.900 kr.	**341.940 kr.**

www.DORMA.is
Verð og vöruupplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur.

Holtagörðum, Reykjavík
Smáratorgi, Kópavogi
Dalsbraut 1, Akureyri
Skeiði 1, Ísafirði

DORMA
Láttu drauminn rætast

Janúar **tilboð**

Enjoy Classic

KYNNINGARVERÐ
124.900 kr.

LISTAVERÐ
179.900 kr.

Stóllinn kemur með
örmum og höfuðpúða

H1 **rafmagnsborð**

30% afsláttur

Rafmagnsfætur til í gráu og hvítu.
Borðplötur í hvítu, svörtu, eik og beyki

VERÐ NÚ FRÁ
61.900 kr.

LISTAVERÐ ÁÐUR
89.500 kr.

www.hirzlan.is

Hirzlan

SKRIFSTOFUHÚSGÖGN

RAMMASAMNINGUR VIÐ
RÍKISKAUP

Verslun opin
mán-fim 09:00-18:00,
föstudaga 09:00-17:00,
laugardaga 12:00-16:00.

Lager opinn
mán-fim 13:00-17:00
og föstudaga 13:00-16:00.

Síðumúla 37
Sími: 564-5040
hirzlan@hirzlan.is

Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Tilboð gilda á meðan útsölu stendur eða á meðan birgðir endast.

HÚSGAGNA HÖLLIN
www.husgagnahollin.is
Sími: 558 1100

Þriðjudagur

Hringbraut

18.30 **Fréttavaktin** Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.
19.00 **Matur og heimili** Sjöfn Þórðar fjallar um matargerð í bland við íslenska hönnun og fjölbreyttan lífsstíl.
19.30 **Lífið er lag** Sigurður K. Kolbeinsson fjallar um málefni fólks á besta aldri sem lifir áskoranir og tækifæri efri áranna.
20.00 **433.is** Farið yfir allt það helsta í heimi íþrótta, heima og erlendis.
20.30 **Fréttavaktin**
21.00 **Matur og heimili (e)**

RÚV Sjónvarp

13.00 **Heimaleikfimi**
13.10 **Kastljós**
13.35 **Lífsins lystisemdir**
14.05 **Augnablik - úr 50 ára sögu sjónvarps**
14.20 **Pólland - Spánn** Bein útsending frá leik á EM karla í handbolta.
16.05 **Pöndurnar koma**
16.50 **Hundalíf**
17.00 **Íslendingar** Gylfi Þ. Gíslason.
18.00 **KrakkaRÚV**
18.01 **Bitið, brennt og stungið**
18.08 **Strandverðirnir**
18.20 **Hönnunarstirnin**
18.37 **Bolli og Bjalla** Ekki gefast upp!
18.45 **Krakkafréttir**
18.50 **Lag dagsins**
19.00 **Fréttir** Helstu fréttir dagsins af innlendum og erlendum vettvangi. Alla daga, árið um kring.
19.25 **Íþróttir**
19.30 **Veður**
19.35 **Kastljós** Lifandi og fjölbreyttur þáttur um fréttir, menningu og dægurmál. Helstu fréttir dagsins eru krufðar og ljósi varpað á litríkt mannlíf um land allt.
19.55 **Íslensku bókmenntaverðlaunin** Bein útsending frá Bessastöðum þar sem forseti Íslands Guðni Th. Jóhannesson afhendir Íslensku bókmenntaverðlaunin. Kynnar eru þau Bergsteinn Sigurðsson og Guðrún Sóley Gestssdóttir.
21.00 **Síðasta konungsríkið The Last Kingdom** Fjórða þáttaröð þessara ævintýralegu spennuþátta sem gerast á Englandi á síðari hluta níundu aldar. Stríðsmaðurinn Uhtred er staðráðinn í að endurheimta ríki sitt en hann er ekki sá eini sem ágirnist það. Aðalhlutverk: Alexander Dreymon, Eliza Butterworth og Arnas Fedaravicius. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
22.00 **Tíufréttir**
22.15 **Veður**
22.20 **Bláa línan Den tunna blå linjen** Sænskir lögregluþættir sem gerast í Malmö. Fylgst er með sex lögreglumönnum í vinnu og einkalífi í fjölmenningarsamfélagi borgarinnar. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
23.20 **Ógn og skelfing The Terror**
00.05 **Dagskrárlok**

Stöð 2 Golf

07.00 **Abu Dhabi Championship** Útsending frá Abu Dhabi Championship.
13.00 **Abu Dhabi Championship**
19.00 **Abu Dhabi Championship**
19.25 **Abu Dhabi Championship**

Sjónvarp Símans

12.30 **Dr. Phil**
13.15 **The Late Late Show**
13.55 **The Block**
15.00 **Extreme Makeover. Home Edition**
15.30 **Solsidan**
16.00 **Survivor**
16.55 **The King of Queens**
17.15 **Everybody Loves Raymond**
17.40 **Dr. Phil**
18.25 **The Late Late Show**
19.10 **The Block**
20.10 **Ordinary Joe**
21.00 **Ray Donovan. The Movie**
22.40 **Paradise Lost**
23.30 **The Late Late Show**
00.20 **Dexter**
01.10 **New Amsterdam**
01.55 **Station 19**
02.40 **The Great**
04.00 **Tónlist**

RÚV Rás eitt

06.45 **Morgunbæn og orð dagsins**
06.50 **Morgunvaktin**
07.00 **Fréttir**
07.30 **Fréttayfirlit**
08.00 **Morgunfréttir**
08.30 **Fréttayfirlit**
09.00 **Fréttir**
09.05 **Segðu mér**
09.45 **Morgunleikfimi**
10.00 **Fréttir**
10.03 **Veðurfregnir**
10.13 **Á reki með KK**
11.00 **Fréttir**
11.03 **Mannlegi þátturinn**
12.00 **Fréttir**
12.03 **Hádegið Fyrri og seinni hluti**
12.20 **Hádegisfréttir**
12.42 **Hádegið**
13.00 **Dánarfregnir**
13.02 **Samfélagið**
14.00 **Fréttir**
14.03 **Lofthelgin**
15.00 **Fréttir**
15.03 **Frjálsar hendur**
16.00 **Síðdegisfréttir**
16.05 **Víðsjá**
17.00 **Fréttir**
17.03 **Lestin**
18.00 **Spegillinn**
18.30 **Saga hugmyndanna** Þorri
18.50 **Veðurfregnir**
18.53 **Dánarfregnir**
19.00 **Endurómur úr Evrópu**
20.35 **Mannlegi þátturinn**
21.35 **Kvöldsagan. Samastaður í tilverunni** (9 af 24)
22.00 **Fréttir**
22.05 **Veðurfregnir**
22.10 **Samfélagið**
23.05 **Lestin**

Stöð 2 Bíó

11.30 **Royal New Years Eve**
12.55 **Annie**
14.50 **Mystery 101. Playing Dead**
16.15 **Royal New Years Eve**
17.40 **Annie**
19.35 **Mystery 101. Playing Dead**
21.00 **Forgetting Sarah Marshall** Peter er niðurbrotinn maður eftir að kærastan hans, sjónvarpsstjarnan Sarah, segir honum upp. Hann ákveður að drífa sig í frí til Havaí til að sleikja sárin nema þar er Sarah stödd, á sama hóteli, ásamt nýja kærastanum sínum.
22.45 **Knives Out** Þegar hinn þekkti glæpasagnahöfundur Harlan Thrombley finnst látinn á heimili sínu, rétt eftir 85 ára afmæli sitt, er hinn hnýsni en jafnframt háttprúði rannsóknarlögreglumaður Benoit Blanc ráðinn til að rannsaka málið.
00.50 **Curse of La Llorona**
02.25 **Forgetting Sarah Marshall**

Stöð 2

08.00 **Heimsókn**
08.15 **The O.C.**
09.05 **Bold and the Beautiful**
09.25 **Jamie's Quick and Easy Food**
09.55 **Masterchef USA**
10.30 **The Grand Party Hotel**
11.30 **Call Me Kat** 39 ára gömul kona ákveður að nota peningana sem foreldrar hennar höfðu lagt fyrir í brúðkaupið hennar til að opna kattakaffihús.
12.05 **The Office**
12.35 **Nágrannar**
12.55 **Manifest** Farþegarnir halda áfram að reyna að komast að því hvað kom fyrir þau í flugi 828. Hvert fór flugvélin í þessi 5 ár? Af hverju heyra þau og sjá hluti sem erfitt er að útskýra? Og af hverju er þessi tenging á milli þeirra?
14.20 **Saved by the Bell**
14.50 **The Good Doctor**
15.35 **Heimsókn**
16.00 **The Heart Guy**
16.50 **The Heart Guy**
17.35 **Bold and the Beautiful**
18.00 **Nágrannar**
18.26 **Veður**
18.30 **Fréttir Stöðvar 2**
18.50 **Sportpakkinn**
18.55 **Ísland í dag**
19.10 **Shark Tank**
19.55 **Masterchef USA**
20.40 **B Positive**
21.00 **S.W.A.T.**
21.45 **Magnum P.I.** Fjórða þáttaröð þessa skemmtilegu framhaldsþátta sem byggðir eru á samnefndum leynilögguþáttunum sem slógu rækilega í gegn á níunda áratugnum.
22.30 **Cold Case**
23.20 **Cold Case**
00.00 **Angela Black**
00.50 **Coroner**
01.35 **Cardinal**
02.20 **The O.C.**
03.00 **The Office**
03.20 **Manifest**
04.05 **The Heart Guy**
04.50 **The Heart Guy**

Stöð 2 Sport

07.00 **Álftanes - Haukar** Útsending frá leik í 1. deild karla í körfubolta.
08.40 **Útsending frá úrslitaleik Íslandsmótsins innanhúss, Futsal 2022.**
10.20 **Seinni bylgjan**
11.20 **ÍBV - Haukar** Útsending frá leik í Olís-deild kvenna.
12.45 **Valur - Fram**
14.10 **Seinni bylgjan**
15.10 **Njarðvík - Þór Ak.** Útsending frá leik í Subway-deild karla.
16.50 **Grindavík - Valur**
18.45 **Tilþrifin**
19.30 **ÍR - Breiðablik**
21.25 **Stjarnan - Keflavík**
23.20 **Subway Körfuboltakvöld**

Stöð 2 Sport 2

08.00 **Football League Show**
08.25 **Blackburn - Middlesbrough**
10.05 **Nottingham Forest - Derby**
11.45 **Football League Show**
12.10 **Valencia Basket - Gran Canaria**
13.45 **Blackburn - Middlesbrough**
15.25 **Football League Show**
15.55 **Arsenal - Liverpool**
17.35 **Leikur** Útsending frá leik í NFL.
19.55 **Lokasóknin**
21.05 **Leikur** Útsending frá leik í NFL.
23.25 **Bucks - Kings**

FRAMTÍÐIN Í ORKU-DRYKKJUM

SYKURLAUS
6 NAUÐSYNLEG VÍTAMÍN
100% VEGAN
114 MG KOFFÍN

CELSIUS® ENERGY

Euro-stræto með fullan gleðitank

Björg Magnúsdóttir, Jón Jónsson og Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir verða kynnar Söngvakeppninnar 2022 sem fer fram í febrúar á nýjum stað, í Gufunesinu. Glæsilega skreyttur Euro-strætóinn mun þar koma mjög við sögu enda stefnan tekin á Tórínó með fullan tank af gleði.

toti@frettabladid.is
odduraevar@frettabladid.is

> Það eru komin tvö ár frá síðustu Söngvakeppni þannig að við erum farin að iða í skinninu.
>
> Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir

Söngvakeppnin 2022, forkeppnin fyrir Eurovision, hefst á RÚV í næsta mánuði og verður nú haldin í fyrsta sinn í Söngvakeppnishöllinni sem rís í kvikmyndaveri RVK Studios í Gufunesi. Þar munu tíu lög keppa um hið eftirsótta hlutverk að verða fulltrúi Íslands í Eurovision, Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva, í Tórínó á Ítalíu í maí. Lögin verða gerð almenningi heyrinkunn á RÚV þarnæsta laugardagskvöld í sjónvarpsþættinum Lögin í Söngvakeppninni sem kynnar ársins, Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir, Jón Jónsson og Björg Magnúsdóttir, eru á fullu að undirbúa.

Gleðitankur þjóðarinnar

Ragnhildur Steinunn og Björg boða fjölbreytilegan flytjendahóp í þættinum. „Við erum einmitt að leggja lokahönd á þáttinn Lögin í Söngvakeppninni þar sem hulunni verður svipt af lögunum. Við erum á leið – til Tórínó, í orðsins fyllstu merkingu," segir Ragnhildur Steinunn og bætir við að þátturinn verði mikið til tekinn upp í hinum svokallaða Euro-strætó.

Vagninn er nú þegar kominn út í umferðina og enginn þarf að velkjast í vafa um að tankurinn á honum er stútfullur af gleði. Kærkominni Júrgógleði. Vagninn ók um Reykjavík um helgina, skreyttur myndum af fyrri fulltrúum Íslands í Eurovision. Vagninn er ekki síður skrautlegur að innan en almenningi mun gefast kostur á að skoða hann næstu vikurnar.

„Það er í nægu að snúast þessa dagana og áskoranirnar eru nokkrar en við höldum ótrauð áfram og gerum allt sem í okkar valdi stendur til að geta lagt okkar af mörkum til að fyllt á gleðitank þjóðarinnar með Söngvakeppninni," segir Ragnhildur Steinunn. „Það eru komin tvö ár frá síðustu Söngvakeppni þannig að við erum farin að iða í skinninu."

Oft var þörf ...

Björg tekur heils hugar undir með Ragnhildi Steinunni. „Já, oft var þörf en nú er beinlínis nauðsynlegt að keyra rækilega upp stemningu meðal þjóðarinnar eftir alltof langt Covid-hlé," segir hún og heldur áfram.

„Söngvakeppnin er vorboðinn ljúfi, árlegur gleðigjafi þar sem við Íslendingar njótum þess að sjá og heyra frábært tónlistarfólk, bæði þekkt og minna þekkt, flytja fyrir okkur glæný lög sem mörg munu lifa góðu lífi í tónlistarsögunni um ókomna tíð."

Björg bætir við að skemmtilegast af öllu sé svo að „leyfa sér að missa sig hundrað prósent í gleðinni og fara alla leið. Hlusta á öll lögin, kynna sér keppendur í þaula, halda geggjuð partí með vindvél, eðlu og öllu. Og svo auðvitað hvetja okkar fulltrúa til dáða í Tórínó á Ítalíu í vor."

Ragnhildur Steinunn, Jón og Björg eru komin í Euro-gírinn og vagninn bíður. MYNDIR/AÐSENDAR

> Söngvakeppnin er vorboðinn ljúfi, árlegur gleðigjafi.
>
> Björg Magnúsdóttir



Leikmyndadeildin fór alla leið þegar vagninn var skreyttur að innan.

> Ég hef enn ekki fundið neistann til að taka þátt sem söngvari.
>
> Jón Jónsson

Diskókúla á hjólum

„Það er fyrst og fremst gaman fyrir Strætó að vera hluti af einum stærsta sjónvarpsviðburði ársins. Við gátum ekki sagt nei þegar RÚV hafði samband við okkur fyrr í vetur," segir Guðmundur Heiðar Helgason, upplýsingafulltrúi Strætós, um gleðivagninn.

Guðmundur Heiðar á ekki alveg jafnauðvelt með að svara þegar hann er spurður hvort Euro-strætóinn sé flottari en Gagnavagninn. „Ég veit ekki hvort ég hætti mér inn á þá braut. Þetta er smekksatriði, en ég get hins vegar fullyrt að vagn Söngvakeppninnar er miklu flottari að innan. Við gáfum leikmyndadeild RÚV lausan taum og þau fylltu vagninn af diskókúlum og silfurtjulli."

Þriðja hjólið

Söngvarinn Jón Jónsson, þriðja hjólið undir gleðivagni þáttarins, er ekki síður spenntur en Björg og Ragnhildur Steinunn. „Mér þótti virkilega gaman og forvitnilegt að kynnast Söngvakeppni-heiminum þegar Ragnhildur Steinunn plataði mig með fyrir fjórum árum," segir Jón.

„Og nú er ég enn spenntari enda reynslunni ríkari. Það eru líka tvö löng ár síðan keppnin var haldin og ætlunin er að gera allt stærra og flottara til að fagna endurkomunni. Svo hef ég enn ekki fundið neistann til að taka þátt sem söngvari þannig að það er fínt að lauma sér inn sem kynnir til að taka þátt í gleðinni."

Söngvakeppnin fer fram laugardagskvöldin 26. febrúar, 5. mars og 12. mars en auk laganna tíu verða sem fyrr skemmtiatriði af ýmsum toga sem þríeykið mun keyra áfram á fullu gleðigasi enda von á erlendum Eurovision-stjörnum og Daði Freyr kemur vitaskuld fram á úrslitakvöldinu eins og venja er með fyrri Eurovision-fara. ■

BLÖÐIN
Blaðið í dag og safn eldri blaða á frettabladid.is

Bjössi fann sína innri Elsu Lund

toti@frettabladid.is

Fimmti þáttur Verbúðarinnar skók netheima, rétt eins og þeir sem á undan voru komnir, að lokinni sýningu á RÚV á sunnudagskvöld þar sem áhorfendur létu hrifningu sína óspart í ljós á Facebook og Twitter.

Þar er almennt gerður góður rómur að frammistöðu nánast hvers eins og einasta leikara þannig að í hverjum þætti troðast senuþjófar hver um annan þveran en í síðasta þætti fóru þeir Björgvin Franz Gíslason og Björn Stefánsson, svo til óumdeilt, fremstir meðal jafningja. Björgvin í hlutverki Hemma Gunn og Björn sem Elsa Lund, eitt dáðasta sköpunarverkið í fjölskrúðugu persónugalleríi Ladda.

Björn var þannig í raun að leika Ladda að leika Elsu Lund, eða eitthvað í þá veruna. Hlutverk sem hann stökk inn í svo að segja umhugsunarlaust. „Ég fékk svo lítinn fyrirvara fyrir þetta hlutverk," segir Bjössi löngum kenndur við hljómsveitina Mínus. „Ég var í baði og það var hringt í mig, held ég með tveggja daga fyrirvara."

Bjössi er þó síður en svo óvanur því að bregða sér í gervi þekktra Íslendinga og hefur þannig á síðustu misserum farið gersamlega hamförum á og kostum í Borgarleikhúsinu sem Utangarðs-Bubbi í söngleiknum 9 Líf.

Bjössi og Björgvin í hlutverkium tvíeykisins óborganlega, Ladda í gervi Elsu Lund og Hemma Gunn. SKJÁSKOT/RÚV

> Ég var í baði og það var hringt í mig.

Hann undirbjó sig síðan í snatri og fann sína innri Elsu á YouTube. „Ég horfði á YouTube. Einn þátt og síðan fattaði ég bara að Elsa Lund er í DNA-inu mínu. Ég bara elskaði þennan karakter þegar ég var yngri. Þannig var nú það," segir Bjössi um aðdraganda enn eins leiksigursins sem hann sýndi í Verbúðinni á sunnudaginn. ■

***Gildir frá verðlistaverði -** Opið virka daga frá 08:00-18:00 /Föstud. 8:00-17:00 / Laugardaga 10:00-14:00

ÁLFABORG
- allt á gólfið -

Skútuvogi 6
104 Reykjavík
Sími: 568 67 55
alfaborg.is

ÞRIÐJU DAGS TILBOÐ SPAÐANS!

16” Pizza af matseðli 1.600

SPAÐINN

Fjarðargata 11 · Dalvegur 32b

spadinn.is

Leikarinn Sumarliði Snæland stökk úr Covid-kraðakinu og elti frönskudrauminn til Parísar. MYND/AÐSEND

Söðlaði um og lærir frönsku við Sorbonne Nouvelle

Sumarliði Snæland Ingimarsson leikari ákvað að skella sér í frönskunám þegar heimsfaraldurinn skall á. Hann er í dag búsettur í París.

ninarichter@frettabladid.is

Leikarinn Sumarliði Snæland Ingimarsson er að kaupa sér pan au chocolat og kaffi í bakaríi í þrettánda hverfi Parísar, þegar blaðamaður hringir. „Ég er ekki í skólanum í dag og ákvað að heimsækja hverfi sem ég hef ekki farið í áður,“ segir hann. „Ég ætla að skoða Montparnasse-kirkjugarðinn þar sem Jean Paul Sartre og Simone de Beauvoir eru grafin.“

Verkefni duttu upp fyrir

Sumarliði er lærður leikari og útskrifaðist úr meistaranámi í leiklistarkennslu árið 2015. Hann hefur starfað við kennslu og leikstjórn við Fjölbrautaskólann við Ármúla í fimm ár, auk þess að sinna rekstri umboðsskrifstofunnar Kraðaks þar til heimsfaraldurinn setti strik í reikninginn.

„Sumarið 2020 var ég búinn að sitja frekar aðgerðalaus, eftir að Covid byrjaði,“ segir Sumarliði. „Verkefni í leiklistinni duttu upp fyrir. Ég hafði lítið að gera og mig hafði alltaf langað að læra frönsku, en ég lærði hana í menntaskóla.“

Hann segist hafa opnað tungumálakennslu-smáforritið Duolingo og í framhaldinu hafi boltinn farið að rúlla. „Ég var farinn að hlusta á hlaðvörp og lesa fréttir á frönsku. Að lokum sagði ég við manninn minn að mig langaði að læra frönsku í háskólanum.“

Hann skráði sig því í frönskunám við Háskóla Íslands haustið 2020 og sinnti kennslu samhliða því.

Styður hann í öllu

Sumarliði segir námið hafa verið gríðarlega áhugavert, en hann hafi sóst eftir meiri áskorun. „Mér fannst eins og ég væri aldrei að fara að læra að tala og skilja frönsku ef ég færi ekki að lifa og hrærast í henni. Þó að námið við háskólann sé gott þarf maður að vera í samfélaginu til að þjálfa eyrað.“

Parísarmorgnarnir í lífi Sumarliða geta verið ósköp ljúfir.

Sumarið 2021 giftist Sumarliði Jóni Örvari Gestssyni hjúkrunarfræðingi. Þeir ákváðu að gifta sig við gosstöðvarnar sem vakti athygli heimspressunnar og brúðkaupsmyndirnar rötuðu í marga af stærstu fjölmiðlum heims.

„Seint um haustið stakk ég upp á þessu við manninn minn og hann sagðist bara styðja mig í hverju sem er, og hér er ég.“

Spurning um hugarfar

Sumarliði, sem er rúmlega þrítugur, segist vera eldri en hinir skiptinemarnir í hópnum. „Margir halda að maður geti ekki lært tungumál þegar maður er kominn á vissan aldur. Þegar maður eldist hættir maður kannski að nenna að læra ýmsa hluti og maður staðnar. En þetta fer rosalega mikið eftir hugarfarinu.“

Hann segir námið ganga vel. „Mér finnst þetta koma hratt hjá mér hérna úti. En það er mikilvægt að einangra sig ekki og tala bara við fólk sem talar ensku. Frakkar eru frekar íhaldssamir og kynnast síður fólki sem talar ekki frönsku.“

Aðeins franska á heimilinu

Sumarliði er meðlimur í karlakórnum Bartónum og segir að tengslin þar hafi nýst honum við að finna húsnæði í París. „Varaformaðurinn okkar á frænda hérna í París. Íslenskenskan leikara sem býr með eigin-

> Margir halda að maður geti ekki lært tungumál þegar maður er kominn á vissan aldur.

manni sínum, frönskum myndlistarmanni. Ég fæ að leigja herbergi hjá þeim og það er bara töluð franska á heimilinu. Leikarinn talar eiginlega ekki íslensku. En í gegnum þá hef ég aðgang að félagsneti, við förum saman í leikhús og matarboð og ég hef líka kynnst frönskum vinum þeirra.“

Sumarliði er einnig meðlimur í frönskum hinsegin kór sem hittist á sunnudagskvöldum. „Kórinn æfir á Rosa Bonheur barnum í uppáhalds almenningsgarðinum í París, Buttes-Chaumont.“ Þá hefur hann ekki lagt leiklistina alfarið á hilluna, en honum hefur boðist hlutverk í stórri franskri bíómynd.

Hlakkar til vorsins

Sumarliði segist mjög ánægður með dvölina í París. „Það er er yndislegt að búa í annarri menningu, aftur,“ segir hann og vísar til námsára í London og París.

„Ég sakna mannsins míns samt ógeðslega mikið. Það er stærsta áskorunin. Hann er samt duglegur að heimsækja mig.“ Sumarliði segist hlakka til að sjá Parísarvorið blómstra. „Það er margrómað og á að vera dásamlegt. Þegar kirsuberjablómin fara að birtast og garðar blómstra í öllum regnbogans litum. Þá ætla ég að setjast út í garð með bók og horfa á sólsetrið,“ segir hann.

Sumarliði tekur við Instagram-reikningi Háskóla Íslands á fimmtudaginn. Þar segir hann frá náminu og lífi sínu í París. Umsóknarfrestur í skiptinám fyrir Erasmus-nema er til 1. febrúar næstkomandi. ■

AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Gústaf Bjarnason *gustaf@torg.is*, **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Auður Húnfjörð *audur@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@frettabladid.is* , Reynir Elís Þorvaldsson *reynir@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5078:** Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is* FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI: Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, **TÍMAMÓTA- OG ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*

SAMSUNG

Galaxy S21 FE

Núna!
Heyrnartól fylgja með

Kauptu nýjan Galaxy S21 FE í dag og fáðu **Galaxy Buds Live í kaupauka** (áætlað virði 39.900 kr.).

Nánar á samsungmobile.is/kaupaukar

frettabladid.is

550 5000
RITSTJÓRN ritstjorn@frettabladid.is
AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is
PRENTUN Torg ehf.
DREIFING Póstdreifing ehf.
dreifing@postdreifing.is

FASTEIGNASALAN TORG
KRAFTUR TRAUST ÁRANGUR

Bakþankar

Kristbjargar Þórisdóttur

Deilihagkerfið

Ég og makinn eignuðumst börn seint í þeim tímaramma sem okkur er ætlaður til fjölgunar.

Einn af kostum þess að eiga börn á gamals aldri er að systur mínar höfðu lokið sínum barneignum. Hvað var nú gott við það? Jú, þær deildu með mér barnadótinu sínu. Þvílík gjöf! Því höfum við nánast ekkert keypt heldur nýtt það sem nú þegar er til í fjölskyldunni og í heiminum. Óþarfi að framleiða eða kaupa eitthvað sem þegar er til.

Fyrir nokkrum árum hefði mér ekki dottið í hug að selja eða kaupa notað. Viðhorfið hefur farið í hring og er komið nær fyrri kynslóðum.

Í heiminum eru takmarkaðar auðlindir og orka. Hvers vegna ættum við ekki að nota það sem þegar er til? Hvers vegna að kaupa flík á barn sitt aðeins til að geta valið litinn eða mynstrið þegar til er flík í góðu lagi? Það er sóun á sameiginlegum auðlindum og óþarfa eyðsla.

Sem betur fer hugsa margir á þennan hátt í dag. Sölusíður með notaðar vörur eru víða og loppumarkaðir spretta upp. Annað barnið mitt situr í barnastól frá fyrrverandi ráðherra en hitt í barnastól frá fyrrverandi nágranna.

Það er ákveðin fegurð falin í því þegar hlutir ganga frá konu til konu, barni til barns eða manni til manns. Það sem er notað af einum er nýtt af og nýtt fyrir öðrum.

Höldum deilihagkerfinu gangandi, förum sparlega og vel með sameiginlegar auðlindir. Nýtum loppumarkaði!

Í lokin vil ég segja takk við þá sem hafa deilt með mér, sérstaklega við systur mínar! ■